

Ársskýrsla leikskólans Uglukletts

Veturinn 2025 - 2026

Formáli

Samkvæmt lögum um leikskóla nr. 90/2008 vinna leikskólar eftir aðalnámskrá leikskóla. Samkvæmt henni vinnur hver og einn leikskóli upp sína skólanámskrá þar sem fram kemur á hvern hátt leikskólinn uppfyllir þau viðmið sem þar eru sett fram.

Leikskólar gera starfsáætlun þar sem fjallað er um þau markmið og þær leiðir sem skólasamfélagið hefur sett komandi vetur auk þess sem matsáætlun er sett fram. Þar er einnig birt skóladagatal og ýmsar aðrar hagnýtar upplýsingar sem þörf er talin á að upplýsa um hverju sinni. Tilgangur starfsáætlunar er að gera skólaþróun leikskólans markvissa með markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Ársskýrsla segir svo frá því hvernig skólastarfið gekk fyrir sig það skólaárið, skýrt er frá endurmati á vetrinum og fjallað um þær umbætur sem ákveðnar hafa verið. Umbótaáætlunin leggur svo grunn að starfsáætlun næsta vetrar.

Í þessari ársskýrslu verður farið yfir helstu þætti og endurmat þessa vetrar ásamt því að sett er fram umbótaáætlun sem er grunnur að starfsáætlun fyrir skólaárið 2026-2027. Markmið þess er að gera stefnu og sýn leikskólans skýrari og markvissari.

Greinagerð skólastjóra.

Skólaárið 2025-2026 einkenndist af breytingum, þróunarstarfi og markvissri vinnu við að skapa hæglátt og styðjandi námsumhverfi fyrir börn og starfsfólk.

Á árinu urðu nokkrar breytingar á rekstri og skipulagi leikskólans. Ný gjaldskrá tók gildi í september þar sem foreldrum gafst kostur á meiri sveigjanleika varðandi vistunartíma barna. Boðið var uppá gjaldfrjálsan vistunartíma milli 8.00-14.00, og klukkutími eftir þann tíma kostaði ákveðið. Eins var foreldrum gefin kostur á að hafa vistunartímann mismunandi innan vikunnar og mánaðarins.

Áfram var unnið að skipulagningu viðbyggingar við leikskólann og breytingum á húsnæði til að mæta fyrirhuguðum framkvæmdum Starfsfólk leikskólans fékk að hafa töluverða aðkomu að þeirri vinnu. Um haustið var gengið í að færa fataklefann í gámana sem áður höfðu hýst skrifstofur og í gamla fataklefann voru sett fundarherbergi, sérkennslurými og aðstaða fyrir undirbúning kennara. Var þetta gert til að mæta því að þegar byrjað væri að vinna að viðbyggingunni þá lokaðist leiðin þarna inn. Rétt fyrir kosningar um mánaðarmótin apríl mars var þó ákveðið að hætta við útboðið í verkefnið og draga verkefnið til baka. Olli þetta töluverðum titringi innan skólans hjá starfsfólki sem hafði lagt mikið á sig til að koma til móts við fyrirhugaða stækkun og vonin um bættar starfsaðstæður hvarf. Þeir aðilar sem tóku við í sveitarstjórn lofuðu hins vegar að verkið yrði sett af stað aftur strax á haustdögum 2026.

Skipulag deilda var endurskoðað og starfsemi leikskólans færð úr fimm deildum í fjórar. Samhliða því var lögð áhersla á aukna teymisvinnu með því að skipta deildum í yngra og eldra teymi til að efla samvinnu, faglegan stuðning og sameiginlega ábyrgð innan starfsmannahópsins.

Áfram var unnið markvisst að þróunarverkefnum leikskólans, einkum verkefnunum Stilla og Snemmtæk íhlutun varðandi mál og læsi. Þessi verkefni hafa haft sýnileg áhrif á starfshætti skólans og styrkt faglegt samtal, ígrundun og þróun starfsins.


Á vordögum var tekin sú ákvörðun að færa leikskóla Borgarbyggðar úr Karellen kerfinu í nýtt kerfi sem heitir Námfús. Verður sú vinna sett á fullt skrið í haust og vonandi verður nýtt kerfi komið í gagnið um áramót 2026-2027.

1 Efnisyfirlit

1 Efnisyfirlit....3
2 Stjórnun....4
2.1 Almennar upplýsingar....4
2.2 Áætlanir....5
2.3 Húsnæði og lóð skólaárið 2025/2026....6
3 Uppeldis- og menntastarf....6
3.1 Skýrslur deilda....6
3.1.1 Skessuhorn 2025-2026....6
3.1.2 Baula 2025-2026....9
3.1.3 Grábrók 2025 – 2026....11
3.1.4 Grettisbæli 2025- 2026....15
3.1.5 Eldborg....19
3.2 Skýrsla sérkennslustjóra....19
3.2.1 Verkferlar stoðþjónustu....22
3.2.2 Helstu skimanir sem stuðst er við í leikskólastarfinu....23
3.3 Skýrsla leiðsagnarkennara....24
3.4 Skýrsla heilsueflandi teymis....24
4 Þróunarverkefni;....27
4.1 Stilla, Hæglátt leikskólastar....27
4.2 Sundverkni Dódóar....27
4.3 Snemmtæk íhlutun varðandi mál og læsi....29
5 Mannauður....30
5.1 Starfsmannahópurinn....30
5.1.1 Starfsþróunarsamtöl....31
5.1.2 Símenntun þessa skólaárs....31
5.1.3 Önnur símenntun....31
5.1.4 Áætlun um símenntun í leikskólanum næsta skólaár....32
5.2 Barnahópurinn....32
5.2.1 Skipting árganga milli deilda....33
5.3 Foreldrar....33
5.3.1 Upplýsingar um foreldraráð, foreldrafundi og foreldrasamtöl....33
5.3.2 Frá foreldraráði....33
5.3.3 Foreldrafélag Uglukletts....33
6 Samstarf leik- og grunnskóla....34
7 Mat á skólastarfi....34
7.1 Innra mat leikskólans....34
7.1.1 Umbótaáætlun eftir veturinn 2024 -2025....35
7.1.2 Matsáætlun 2025 – 2026....36
7.1.3 Endurmat vetrarins....36
8 Samantekt....39
8.1.1 Umbótaáætlun eftir veturinn 2025 - 2026....40
8.1.2 Áherslur í starfi leikskólans á næstkomandi starfsári, 2026 - 2027....41
8.2 Ytra mat....41
8.2.1 Umbótaáætlun....41
9 Sérstakir viðburðir og heimsóknir í Ugluklett veturinn 2025-2026....41
10 Leikskóladagatal....43
11 Lokaorð....43

2 Stjórnun

Helstu leiðarljós við rekstur leikskólans eru að búa vel að starfsfólki, börnum og foreldrum og leita sem bestra leiða til að standast fjárhagsáætlun.



2.1 Almennar upplýsingar

Heimasíða skólans: borgarbyggd.is/stofnun/ugluklettur

Starfsheiti	**nafn**	**netfang**
Leikskólastjóri	Kristín Gísladóttir	kristing@borgarbyggd.is
Aðstoðarleikskólastjóri	Elín Friðriksdóttir	elinf@borgarbyggd.is
Sérkennslustjóri	Ágústa Hrönn Óskarsdóttir	agustahronn@borgarbyggd.is
Deildarstjóri Skessuhorn	Hugrún Lukka Guðbrandsdóttir	Hlg@borgarbyggd.is
Deildarstjóri Baulu	Inga Hólmfríður Gunnarsdóttir	Inga.gunnarsdottir@borgarbyggd.is
Deildarstjóri Grábrók	Dröfn Traustadóttir	Drofn@borgarbyggd.is
Deildarstjóri Grettisbæli	Karina Nielsen	kn@borgarbyggd.is
Matráður	Lára Magnúsdóttir	Matradur.ugluglettur@borgarbyggd.is

2.2 Áætlanir

Yfirlit yfir áætlanir skólaárið 2025 – 2026

	Uppfærð	**Hvenær á að uppfæra**	**Birting**	**Ábyrgð**
Ársskýrsla	jún.25	jún.26	Heimasíðu	Matsteymi
Áfallaáætlun	mars.25	mars.27	Í möppu á kaffistofu	Stjórnendur
Áætlun um foreldrasamstarf	apríl.25	apríl.28	Heimasíðu	Stjórnendur
Áætlun um móttöku nýrra barna	2025	2029	Heimasíðu	Stjórnendur
Eineltisáætlun	2025	2028	Heimasíðu	Stjórnendur
Foreldrahandbók	apr.25	2029	Heimasíðu	Deildarstjórar
Forvarnarstefna	Feb 25	2027	Heimasíðu	Heilsuteymi
Heilsustefna	2025	2027	Heimasíðu	Heilsuteymi
Jafnréttisáætlun	2024	2028	Heimasíðu	Stjórnendur
Lestrastefna Borgarbyggðar	jún.22	jún.26	Heimasíðu	Stjórnendur
Móttökuáætlun fyrir nýtt starfsfólk	2025	2028	Starfsmannahandbók	leiðsagnarkennari
Næringarstefna	2025	2029	Heimasíðu	Heilsuteymi
Rýmingaráætlun	2025	2027	Heimasíðu	Stjórnendur
Skólastefna Borgarbyggðar	2022	2027	Heimasíðu	Borgarbyggð
Starfsmannahandbók	2026	2030	Starfsmannahandbók	leiðsagnarkennari
Verkaskipting stjórnenda	2022	2026	Handbók deildar	Stjórnendur
Viðbragðsáætlun Almannavarna	2024	2028	Heimasíðu	Stjórnendur
Viðbragðsáætlun vegna jarðskjálfta	2022	2026	Heimasíðu	Stjórnendur
Bráðaofnæmisáætlun	2025	2027	Heimasíðu/handbók deildar	Deildarstjórar
Skipulag sérkennslu og verkferlar	2023	2027	Heimasíðu	Sérkennslustjóri

Matsáætlun vetrarins	2026	2027	Heimasíðu	Matsteymi
Matsáætlun 2022-2027	ágú.22	ágú.27	Heimasíðu	Matsteymi
Umbótaáætlun 2025-2026	jún.25	maí.26	Heimasíðu	Matsteymi
Símenntunaráætlun	2026	2027	Handbók deildar	Stjórnendur
Brunakerfið og slökkvitæki skoðuð	Maí 2019			
Aðalskoðun á leikvelli í Uglukletti	Júlí 2024			

2.3 Húsnæði og lóð skólaárið 2025 - 2026

Breytingar: Sumar 2025 var fataklefinn fluttur yfir í gámana þar sem áður voru skrifstofur og undirbúningsrými. Þar sem áður var fataklefi er nú undirbúningsrými kennara. Kaffistofa fór aftur á sinn upprunalega stað og skrifstofa skólastjórnenda fór einnig á sinn upprunalega stað. Fundarherbergi og vinnuherbergi fyrir sérkennslu voru gerð við undirbúningsrýmið.

Áætlað var að hefja byggingu viðbyggingar við Ugluklett í apríl 2026. Með stuttum fyrirvara var ákveðið að fresta verkbyrjun fram í júní eða jafnvel fram á haust.

Úttektir:

- Heilbrigðiseftirlitið kom í heimsókn 8. júní 2026 og gerði úttekt, sett var út á nokkur atriði. Þrífa þarf viftur, laga spýtu í bekk úti og þess háttar.

3 Uppeldis- og menntastarf

3.1 Skýrslur deilda

3.1.1 Skessuhorn 2025 - 2026

Barnahópurinn og starfsmenn:

Í byrjun skólaárs voru 7 börn á Skessuhorni öll fædd 2024 (3 drengir og 4 stúlkur) í lok ágúst komu 4 börn í aðlögun (3 drengir og 1 stúlka) og voru því 11 börn (6 drengir og 5 stúlkur) fædd 2024 á deildinni, í október bættust 2 börn (drengur og stúlka) í hópinn og 1 barn (drengur) hætti í nóvember. Börnin voru því 12 (6 drengir og 6 stúlkur). Í mars komu tvö börn (2 stúlkur) fædd 2025 og voru börnin því 14 í allt. 4 börn eru af erlendum uppruna.

Starfsmenn á deildinni voru 4, deildarstjóri og 3 leiðbeinendur.

Aðlögun:

Var þrisvar, 4 börn byrjuðu í lok ágúst og 2 í lok október. Aðlögunin gekk að mestu vel, tvö börn voru mikið veik strax eftir aðlögun svo það tók lengri tíma fyrir þau að ná að aðlagast. Vanalega tekur skólastjóri viðtöl við foreldra á öðrum degi í aðlögun en að þessu sinni var hann því miður ekki á svæðinu og fann starfsfólk deildarinnar hversu mikilvægt það viðtal er. Eins hafði það áhrif á upplifun foreldra að fataklefinn var svo langt frá Skessuhorni.

Í mars var aftur aðlögun þar sem komu tvö börn fædd 2025, sú aðlögun gekk vel.

Helstu áherslur deildarinnar:

Á Skessuhorni leggjum við áherslu á að börnunum líði vel hjá okkur og að þau finni fyrir öryggi og hlýju. Við leggjum mikla áherslu á félagsleg samskipti og að börnin læri í gegnum frjálsan leik. Starfið á Skessuhorni er unnið út frá því og eru kennarar meðvitaðir um að taka þátt og styðja við börnin í leik. Við vinnum með fjölbreyttan efnivið, t.d. könnunarleik sem vekur áhuga og forvitni barnanna og ýmiskonar skynjun. Við leggjum líka mikla áherslu á málþroska og erum meðvituð um að nýta hvert tækifæri til málörvunar.

Kennsluhættir og skipulag kennslu:

Fyrir áramót var mikil áhersla á frjálsan leik og málörvun. Mikil áhersla var á lestur og söng og grófhreyfingar, t.d var sett fram rennibraut þar sem börnin gátu alltaf farið í rennibrautina þegar þau vildu og eins var útbúin heimiliskrók til að efla hlutverka leik. Útbúið var kubbaleiksvæði fyrir framan Skessuhorn þar sem voru oftast dublo kubbar í boði. Þannig voru þrjú föst leiksvæði í boði.

Farið var í salinn tvisvar sinnum í viku þar sem áhersla var lögð á að þjálfa grófhreyfingar. Í apríl var salurinn tekinn undir matstofu fyrir eldri börnin svo það varð að finna leiðir til að efla hreyfiþroskann inni á deild hjá okkur og úti í garði. Í tengslum við það var rennibrautin og þrautabrautir inn á deild.

Opið var á milli Skessuhorns og Baulu reglulega til að byrja með en minnkuðum það aftur þegar seinni aðlögun var og Baulu börnin fóru að fara meira fram á eldri deildarnar. Fórum aftur að fara meira í heimsókn yfir á Baulu þegar leið að vori.

Matsþáttur og matstæki:

- TRAS- málþroska skimun, lagt fyrir 5 börn
- Foreldramatsblöð, sent til foreldra að hausti
- Foreldraviðtöl tvisvar yfir veturinn
- Myndaskráningar, bæði myndir af starfi sem og afmælisskráningar

Hvernig gekk:

Veturinn gekk vel á Skessuhorni, starfsandinn var góður og starfsfólkið vann vel saman. Við náðum góðu hæglæti og lásum vel í aðstæður.

Hvað hefði mátt betur fara:

Hefðum mátt vera duglegri að skrá hjá okkur og fara meira út fyrir garðinn. Hefði verið gott að gera tengslakannanir. Tónlistarstundir hefðu mátt vera fleiri og skipulagðar. Örsamtöl milli deildarstjóra og starfsmanna náðust ekki.

Foreldrasamstarf á deildinni:

Foreldrasamtöl voru tvisvar yfir veturinn og gengu vel, fyrir áramót var deildarstjóri einn í þeim nema hjá fjöltyngdum börnum þá var sérkennslustjóri með. Að vori var deildarstjóri og leiðbeinandi í flestum foreldrasamtölum en sérkennslustjóri með í hinum.

3.1.2 Baula 2025 - 2026

Barnahópurinn og starfsmenn:

Á Baulu byrjuðu 15 börn sem kláruðu veturinn saman. Í hópnum voru 5 fjöltyngd börn.

Starfsmenn voru fjórir, þrír í 100% og einn í 80% starfi. Deildarstjóri/leikskólakennari, einn leikskólakennari, einn sem var á síðasta ári í leikskólakennaranámi og einn leiðbeinandi sem hætti eftir miðjan maí og þá kom inn starfsmaður með uppeldis og menntunarfræði og klárar með okkur fram að sumarfríi.

Helstu áherslur deildarinnar:

Áherslurnar í vetur voru helst að vinna með líðan og tilfinningar. Æfa okkur að sitja og hlusta og syngja saman. Lubbi finnur málbein var vel nýttur í samverustundum. Einnig var unnið með hæglæti í sköpun og seinnipart vetrar unnum við mikið með hæglæti í fataklefanum æfðum okkur að klæða sjálf í föt og vera sjálfstæð. Fórum að vera með á eldri deildum í leik. Vorum mikið úti og fengu börnin til að spreyta sig úti eins og þeim langaði, farið var út nánast á hverjum degi og unnið mikið með leikinn og gera alls konar úti. Við reyndum eftir bestu getu að dreifa vel úr börnunum til að minnka árekstra.

Kennsluhættir og skipulag kennslu:

Á Baulu var frjálsi leikurinn helsta námsleið barnanna og vorum við með efnivið sem börnin gátu valið úr sjálf. Í byrjun hausts var opið milli Baulu og Skessuhorns og gátu þá börnin farið á milli svæða og fundið sér efnivið sem þeim langaði að vinna með. Seinna um haustið var aðlögun á Skessuhorni og hætti þá að mestu að vera opið milli deildanna. Út frá því fór Baula að fara meira á eldri deildarnar. Fórum við í salinn einu sinni til tvisvar sinnum í viku að leika og einnig fóru börnin að kíkja á tímana hjá Dagnýju í tónlist/danstíma. Í hádeginu fyrir mat var setið og sungið eða lesin saga, töluvert var unnið með töflusögur. Þegar líða fór á veturinn fórum við að vera með samveru eftir hádegi fyrir börn sem voru hætt að sofa. Í fyrstu var það sett upp sem slökun og legið og hlustað, breyttist það síðan í að setið var saman og lesið og svo spilað og teiknað. Reyndum að

flétta inn hugarfrelsi/slökun með. Unnið var út frá námsáætlunum og þema tengd þeim. Námsáætlanirnar eru tengdar námsþáttum aðalnámsskrár sem eru Heilbrigði og vellíðan, Sköpun og menning, sjálfbærni og vísindi, læsi og samskipti.

Matsþáttur og matstæki:

- Tras málþroskaskimun
- Foreldrasamtöl tvisvar sinnum yfir veturinn
- Foreldramatsblöð
- Myndaskráningar í ferilmöppu
- Myndir á Karellen

Hvernig gekk:

Veturinn var mjög krefjandi. Börn á aldrinum 2 – 3 ára eru krefjandi þar sem þau eru að læra að vera sjálfsstæðari og eru mikið að prófa sig áfram. Mikið unnið með líðan og hegðun og út frá því var Blær nýttur. Vorum mikið að æfa samskipti og nota orðin sín. Unnið var með ýmsar aðferðir til að finna góðan farveg fyrir börnin að vinna/leika í og þeim líði vel. Reyndum við að dreifa úr okkur og fórum að fara meira á Grábrók til að leika. Létti það oft á deildinni því augljóslega er betra að vera færri á sama svæði og þar af leiðandi minna um árekstra. Vorum alltaf að vanda okkur að lesa í aðstæður og bjóða upp á spennandi efnivið. Buðum upp á samverustundir á morgnana og vorum með tónlistartíma sem því miður voru ekki nógu markvisst. Fyrir hádegismat reyndum við að hafa samveru og var þá sungið og lesnar sögur sem var fastur liður hjá okkur. Á tímum var það mjög erfitt en það var leyst með að breyta uppsetningu á samverunni og styttur tíminn. Fengu þá börnin að fara í smá leik fyrst þegar þau komu inn og var síðan endað með samveru þegar flestir voru komnir inn og tilbúnir fyrir matinn. Í apríl var byrjað að hafa matstofu í salnum og tók Baula þátt í því. Gekk það mjög vel og börnin mjög fljót að tileinka sér nýjar leiðir og vera sjálfstæð.

Hvað hefði mátt betur fara:

Hefðum mátt vera duglegri að fara út fyrir garðinn að læra á umhverfið. Einnig hefði átt að senda fleiri pósta á foreldra en held að við höfum náð að vera dugleg að senda myndir af börnunum í leik

og foreldrar þá séð hvað þau voru að gera í leikskólanum. Samvinna milli Baulu og Skessuhorns hefði mátt vera markvissara. Hefðum einnig getað skipt börnunum meira upp í hópa. Einnig hefði mátt vera markvissara unnið með tónlist og hljóðfæri.

Foreldrasamstarf á deildinni:

Foreldrasamtölin gengu vel í vetur, vorum við tvær af deildinni sem tókum saman flest samtölin sem var mjög gott. Þá komu oft fleiri sjónarhorn og hægt að ræða meira saman. Póstar af deildinni hefði mátt vera markvissari. Flestir foreldrar komu tvisvar í samtal út frá trasinu.

3.1.3 Grábrók 2025 – 2026

Barnahópurinn og starfsmenn:
Í ágúst byrjuðu á Grábrók 10 börn fædd 2021, 5 drengir og 5 stúlkur og 10 börn fædd 2022, 5 drengir og 5 stúlkur. Í apríl 2026 bættist stúlka í hóp árgangs 2022 og voru þau þá 11 talsins. Tvö börn í sitthvorum árgang voru með 100% stuðning og að auki voru 4 börn fjöltyngd.
Starfsmenn voru 6 talsins: deildarstjóri/leikskólakennari, 1 leikskólakennari, 1 íþróttakennari í 80% starfi og 3 leiðbeinendur, tveir af þeim í leikskólakennaranámi. 1 starfsmaður var í hlutastarfi á vegum vinnumálastofnunar aðrir í 100% starfi.

Helstu áherslur deildarinnar: Á Grábrók leggjum við áherslu á að börnunum líði vel í leikskólanum og eigi í góðum samskiptum, tileinki sér góða félagsfærni og að börnin læra í gegnum leik. Við viljum að börnin finni að þau séu örugg og þeim líði vel hjá okkur. Við leggjum mikið uppúr því að sýna hvort öðru virðingu, vináttu og að allir séu opnir fyrir því að leyfa börnum að koma inn í leikinn og sýni hvort öðru umhyggju. Í byrjun hausts þurftum við að leggja áherslu á að tala eða “nota orðin okkar” og útskýra líðan okkar. Þetta skilaði sér þegar leið á veturinn.

Í vetur var þriðja árið í þróunarverkefninu um Hæglæti sem setti svip á starfið og sköpun var sterkur þáttur í verkefninu þar sem við sköpuðum aðstæður til hvers konar sköpunar í hæglæti úti og inni með sveigjanleika. Þróunarverkefni um snemmtæka íhlutun í málþroska/örvun stóð yfir

í vetur þar sem áherslan var á málörvun og að kynna okkur og nýta málörvunarefni sem gaf okkur fleiri verkfæri til að vinna með.

Kennsluhættir og skipulag kennslu: Skipulagið á Grábrók var unnið út frá námsáætlunum og þemum út frá þeim. Samverustundir voru fyrir hádegi með allan hópinn og svo eftir hádegismat í litlum hópum. Fyrir hádegi var mest áhersla á söng, hlustun, koma fram fyrir framan aðra og sýna virðingu. Í samverustundum eftir hádegi var áherslan á þemu mánaðarins með hliðsjón af námsþáttum aðalnámskrár leikskóla; Heilbrigði og vellíðan, sköpun og menning, sjálfbærni og vísindi, læsi og samskipti. Skipulagið tók stöðugum breytingum eftir því sem leið á veturinn og var í sífelldri þróun. Í þeamanu "Ég sjálfur og virðing" unnu árgangur 2022"lóur" með líkamann sinn og teiknuðu hvort annað upp og bættu inn á líkamshluti og annað tengt líkamanum. "kríur" árgm 2021 unnu með sig og fjölskyldu sína, húsið sitt með því að taka mynd af sér við húsið sitt, teikna fjölskylduna, heitin yfir meðlimi fjölskyldunnar,foreldra, systkini, ofl. Tengdist þetta verkefni við samfélagsþemað í nóvember þar sem bærinn okkar kom inn í og staðir sem við sækjum og þekkjum í bænum eins og t.d. sundlaugin, bókasafnið, lögreglustöðin, grunnskólinn, o.fl. Lóur unnu mikið með Lubba og hljóðaaðferðina. Þrír elstu árgangar unnu matarsóunarverkefni í þrjár vikur þar sem áhersla var lögð á að fá sér ekki of mikið á diskinn til að henda sem minnstum matarafgöngum og vigtuðum við matarafganga eftir hvern hádegismat og settum upp í súlurit til að sjá muninn. Þetta skilaði árangri.

Eldra teymið vann mikið saman og á föstudögum eftir hádegismat höfðum við "Hringekju" þar sem þremur elstu árgöngunum var skipt í sex hópa þvert á aldur og hver hópur fór á þrjár stöðvar 15 mín. Hver stöð vann ákveðið verkefni og fór svo á næstu. Þetta var mjög vinsælt hjá börnunum og foreldrar töluðu um að börnin vildu ekki missa af þessu.

Útinám var fyrirferðamikið og byrjuðu "kríur" að fara í UMSB hús í september og fóru 4. hverja viku til skiptis við elsta hópinn. Þetta gekk mjög vel og svo bættist við UMSB vikuna að fara í sund einu sinni þá vikuna sem var hápunktur vikunnar og gekk vonum framar. Íþróttakennarinn sá um þessa sundtíma fyrir alla hópa og allir hæstánægðir með þessa nýjung eftir veturinn, börn, starfsfólk og foreldrar.

Í ágúst fórum Grábrók og Grettisbæli saman í Einkannir sem tókst mjög vel og var mjög gaman. Við grilluðum pylsur og vöfðum pizzadeigi utanum, settum á spjót og enduðum svo í

Álatjörn. Um mánaðarmótin september / október fórum Grábrók aftur í Einkannir og þá var kakó, skyrskvísur og samlokur Í byrjun júní var svo farið aftur í frábær ferð, fengum gott veður og Dagný bauð okkur að vera hjá gusunni, þar sem var kajakbátur og Margrét kom með paddleborðið/sjóbretti sitt og fengu börnin að fara í siglingu/ferð í björgunarvestum. Einnig löbbuðu hluti af Grábrók upp að Borg á Mýrum í maí og var frábær ferð mikið sullað mikið gaman, fengum sendan mat upp á Borg.

Sjóræningja ratleikur var í byrjun júní þar sem allir nema Skessuhorn fóru um Bjargsland að leita að vísbendingum og leita að fjársjóð. Vel heppnað. Egilsganga var í lok júní í tilefni af Brákarhátíð og heppnaðist mjög vel. Í oktober tókum við þátt í BARNÓ Barnamenningarhátíð Vesturlands og fengum til okkar listakonuna Guðlaugu Dröfn til að vinna skemmtilegt verkefni með þremur elstu árgöngum. Unnið var með pappamassa og nutu börnin sín mjög við þetta verkefni.

Eftir áramót breyttust hópaskiptingar í UMSB húsi og hóparnir urðu fjórir sem rúlluðu þá 4. hverja viku í stað þriggja. Við reyndum að efla hæglætið og finna leiðir til að draga úr álagi á stöðum sem yllu miklu áreiti, fataklefinn var stór þáttur og fundum við leiðir til að breyta því hægt og rólega. Deildarstjórar Uglukletts fóru saman í heimsókn í febrúar á leikskólann Aðalþing og Rauðhól. Í mars fór leiðbeinandi í námi, í vettvangsnám í mánuð. deildarstjóri og hópstjóri Lóuhóps fóru til Skotlands í vikunámskeið í útinámi. Þessar ferðir gáfu okkur kjark og þor til að breyta dagsskipulaginu.

Breytingar urðu á dagsskipulagi í Uglukletti í mars/apríl þar sem útistöðin var lengd frá kl. 9 í stað þess að hún byrjaði áður klukkan tíu og hreyfisalurinn var tekinn undir matstofu til tilraunar. Þar voru allar deildir nema Skessuhorn sem fóru í flæðandi matartíma og voru þá allir matmálstímar flæðandi. Um leið breyttust samveru og hópatímar og varð dálítil upplausn á þessum tímum í apríl þar til við fundum taktinn í maí. Eftir þessar breytingar hafa börnin tækifæri á að vera lengur úti ef það hentar eða til 12 þannig að börnin eru ekki að koma öll inn á sama tíma. Og frjáls leikur er í húsinu meðan matmálstími er, róleg stund á Litlu brók þar sem kennari er að leggja inn. Og svo er hópasamvera frá 12.30 til 13.30. Þetta fyrirkomulag með meiri sveigjanleika hefur aukið hæglæti í starfinu og við erum enn að þróa okkur í átt að enn meira hæglæti.

Matsþáttur og matstæki:

- TRAS- málþroskaskimun Börnin voru bara metin með TRAS einu sinni á þessum vetri/ skólaári
- Foreldramatsblöð á haustönn. Sendi matsblöðin að hausti, þau skiluðu sér frekar illa.
- Foreldrasamtal á haust- og vorönn. Foreldrasamtal var einu sinni yfir þetta skólaár, nokkrir fengu tvisvar sinnum.
- Myndaskráningar í ferilmöppu. Gekk vel, ákveðnir aðilar sáu um þetta og munar miklu fyrir deildarstjóra.
- Myndir á Karellen. Gekk nokkuð vel. Má gera betur
- Tengslamyndunarkönnun. Gerðum á haustönn sem var mjög gott en hefðum mátt gera aftur til að sjá muninn en gerðum ekki.

Hvernig gekk: útinám gekk vel og hefur eflst mikið í vetur, við erum að þróa okkur þar í rétta átt. Hæglæti gekk nokkuð vel eftir áramót, febrúar/mars þegar við fórum að breyta starfsháttum og kveikja á að það byggist á okkur sjálfum og umhverfinu, starfsfólk mátaði og fann leiðir til að styðja við hæglæti með því að breyta umhverfinu.

Örsamtöl voru tekin nokkuð reglulega en má gera betur en það hjálpaði til við samskipti innan deildar. Skráningar voru nokkuð góðar og reglulegar en efldust og þróuðust til betri vegar þegar leið á veturinn. Samvinna í eldra teymi gekk ágætlega og uppbrot á starfi með útinámsferðum var nokkuð gott. Stöðvavinna var nokkuð góð fyrri part vetrar, með breyttu skipulagi.

Hvað hefði mátt betur fara:

Það má alltaf gera betur í hæglætinu og við erum að æfa okkur og verða meðvitaðri. Samskipti og deildarfundir mega vera meiri/oftar. Það voru mismunandi skoðanir á skipulagi, einn vildi meira á meðan annar vildi minna.

Foreldrasamstarf á deildinni

Foreldrasamstarf fór að mestu fram í daglegum samskiptum sem gengu vel, en foreldrasamtöl voru að mestu bara eitt í vetur, nokkrir aðilar fengu tvö. Deildarstjóri sendi reglulega tölvupósta með upplýsingum úr starfi en hefði mátt vera meira til "lóu" foreldra.

3.1.4 Grettisbæli 2025 - 2026

Barnahópurinn og starfsmenn:

Börnin á deildinni þennan vetur voru fram að áramótum 22 börn. 17 börn fædd 2020 (8 drengir og 9 stúlkur) og 5 börn fædd 2021 (2 drengir og 3 stúlkur). Frá og með janúar 2026 voru 21 barn á deildinni og fækkaði þar um eitt barn fæddur 2020 þannig barnahópurinn endaði í 16 börn fædd 2020 og 5 börn fædd 2021. Starfsmenn á deildinni voru 5; 1 leikskólakennari, 1 grunnskólakennari og 3 leiðbeinendur. Allir starfsmenn voru í 100 % starfi allan veturinn.

Helstu áherslur deildarinnar:

Á Grettisbæli leggjum við áherslu á að börnunum líði vel í leikskólanum og eigi í góðum samskiptum, tileinki sér góða félagsfærni og læri í gegnum leik. Við viljum að börnin finni að þau séu örugg og þeim líði vel hjá okkur. Þennan vetur var markmiðið á deildinni hæglæti og útinám, að staldra við og vera í núinu og leyfa börnunum að leiða okkur áfram í skemmtilega vinnu (hvað sjá börnin). Einnig vorum við með áherslu á hvernig við viljum vera kringum börnin og „kenna“ börnunum. Eftir hádegismatinn voru rólegar stundir þar sem við hlustuðum á sögu eða rólega tónlist. Við sáum að það hafa öll börn og kennarar gott að taka sér smá rólega stund yfir daginn. Í framhaldi skiptum við hópnum upp til að ná betri ró og tíma í rólega stundinni.

Við vorum með sérstaka áherslu á að allir fá að vera eins og þeir eru og það er pláss fyrir alla. Að prófa nýja hluti hvort sem það er að smakka eitthvað nýtt eða fara í vorskólann. Æfðum hugrekkið.

Kennsluhættir og skipulag kennslu:

Skipulagið á Grettisbæli var unnið út frá námsáætlunum og þemum út frá þeim. Samverustundir voru eftir hádegismatinn eftir rólega stundina. Samverustund fyrir hádegið nýttist líka í ýmis verkefni með öllum hópnum. Við unnum mikið með hæglæti og bættum útinám inn á mismunandi hátt. Við fórum þriðja hvora viku í UMSB fyrir áramót og svo fjórða hvora viku í UMSB þennan vetur og þar er aðaláherslan lögð á útinámið. Verkefnavinnan var eftir hádegismatinn, þá var gerð áherslur yfir hvern mánuð sem voru unninn út frá ákveðnum þema hvers mánaðar. Til hliðsjónar í hverjum mánuði voru ákveðnir áhersluatriði frá námsáætlunum; Heilbrigði og vellíðan, sköpun og

menning, sjálfbærni og vísindi, læsi og samskipti. Við fórum einnig að tengja fleiri áherslupunkta saman og fannst okkur það ganga vel að vinna þannig. Við ákváðum líka að hafa í huga hve áhugamál barnanna voru í hverju mánuði og vorum með það í fyrirrúmi fyrir hvert þema. Með því að hafa þetta í huga þá gátum við kafað enn dýpra í efnið og verkefnin sem við vorum með og lærðu börnin í gegnum áhugamál þeirra. Einnig sá starfsfólkið út frá börnunum hvernig verkefnin þróuðust.

Við æfðum hugrekki, að prófa eitthvað nýtt, eins og að fara í sund, fara í vorskólann og líka að fara í UMSB húsið. Þar var æft hugrekkið og prófa að fara á nýja staði og læra á nýtt umhverfi. Við lögðum mikla áherslu á málörvun og tölustafi þennan vetur. Börnin voru með mikinn áhuga í kringum stafi/málörvun og tölustafi/stærðfræði og nýttum við tækifærin þennan vetur að gera skemmtileg verkefni tengt því.

Í haust þá bjuggu börnin til vinahendi fyrir vinatréð, í því verkefni og önnur verkefni yfir skólaárið var æft að klippa og beiting skæra rétt. Við þurftum líka að klippa eftir línu og vanda okkur. Við byrjuðum þemaverkefnum á "ég sjálf/-ur, og virðing, þar gerðu börnin sjálfsmyndir og fórum einnig yfir hvernig við komum fram við hvort annað og hvar okkar mörk eru. Við þurfum að kunna að segja stop og hinir þurfa að virða það. Berum virðingu fyrir næsta mann. Einnig þegar kom að nóvember og desember, þá unnu krakkarnir að jólagjöfum fyrir foreldra, þau ákváðu sjálf hvað þau vildu gefa foreldrum sínum, þau teiknuðu sjálf og framkvæmdu svo. Á meðan börnin unnu verkefnið þá var gerð skráning sem fylgdi með jólagjöfinni fyrir foreldrana.

Í byrjun árs 2026 vorum við með vísindi sem var einu sinni í viku, verkefni tengt því var gert á fjölbreyttan hátt, eins og tilraunir. Það var prófað og gerðar margar tilraunir þennan vetur eins og prófað að gera ís, bakað, gert eldgos og fryst vatn svo eitthvað sé nefnt. Þar gátum við líka komið vináttuverkefni inn sem við unnum mikið með allan veturinn. Sérstaklega að sýna virðingu og umburðarlyndi. Það var farið í leiðangur og unnið rannsóknarvinnu tengd náttúrunni, þar sem þurfti að fara leita upplýsingar um það sem fannst. Þannig gátum við tengt saman að fara á bókasafnið við verkefnin sem voru unninn. Við gátum tengt umferðarreglur sem við fengum í gegnum fræðslu frá umferðarstofu í maí í gönguferðir annað hvort frá leikskólanum eða UMSB húsinu.

Í vetur fórum við á lögreglustöð, bakaríið, ráðhúsið, bókasafnið, Brákarhlíð og Kaupfélagið. Það var farið á ýmsa staði til að sýna og kynna þeim fyrir ýmis störf sem eru í Borgarbyggð. Elstu börnin á deildinni heimsótti grunnskólann og fóru í vorskólann sem

undirbúningur fyrir skólagöngu. Það var líka farið í sund þegar hver hópur var í UMSB, gera þau öruggari í vatninu.

Tveir elstu árgangarnir á leikskólanum var með verkefni tengt Barnamenningarhátíðinni. Börnin lærðu lög eftir ákveðin lagahöfund og við rýndum í textann í leiðinni. Börnin efldust í að koma fram fyrir fullt af fólki sem þarfnast hugrekki, þau fengu auka málörvun og mikinn tónlistartíma(verkefni). Þetta endaði svo með tónleikadag með öllum leikskólum Borgarbyggðar (2 elstu árgangar).

Í apríl þurftum við að hugsa hreyfingu öðruvísi, þar sem salurinn var gerður að matstofu fyrir 4 elstu árgangana. Með það í huga að vera ekki of mikið að stoppa leikinn með að taka allt of mikið til og börnin geta verið meira í flæði.

Matsþáttur og matstæki:

Við vorum með Tras sem var lagt fyrir börnin sem eru fædd 2021 á deildinni 2 sinnum á ári og svo eru foreldraviðtöl út frá því. Með þessu matstæki getum við unnið að ákveðnum verkefnum fyrir börnin þegar það hentar að hverju sinni. Börnin sem eru fædd 2020 fóru í Hljóm - 2 próf, sem er lagt fyrir á hausti. Út frá þessu mati getum við unnið ákveðin verkefni með börnunum að hverju sinni.

Við vorum einnig með tengslamyndahringinn þar sem starfsmenn fylltu hringinn út frá börnunum og líka út frá foreldrum. Það var áhugavert að sjá útkomuna og unnum við út frá því í vetur sérstaklega með foreldrasamstarfið.

Á deildinni þennan vetur vorum við með samskiptabók milli starfsmanna, við vorum líka með ýmsar skráningar, meðal annars AHA-skráningar, skráning í bækur. Út frá þessum skráningum þá var eftirfylgni sem hentaði hverju sinni.

Deildarstjóri var með örsamtöl fyrir starfsfólk á deildinni, og þau settu sig markmið og fóru svo yfir tvisvar sinnum á ári, hvernig hefur gengið og hvað mætti betur fara, var það nýtt í örsamtöl við deildarstjóra.

Hvernig gekk:

Það gekk vel með örsamtölin á deildinni og þannig var vinnuandrúmsloftið fínt. Örsamtölin voru orðin þannig að starfsfólkið kallaði eftir þeim oftar og var orðið við því. Deildarstjóri og hópstjóri höfðu viku spjöll/fundir hvernig vikan og verkefnin hefðu gengið og hvað væri á dagskrá fyrir

komandi vikur. Þannig gátum við unnið markvisst með þeim verkefnum sem við settum okkur fyrir að hverju sinni. Það gekk vel að skipta hópnum í verkefni, deildarstjóri og hópstjóri voru með litla hópa 3-4 börn í einu og hinir inn á deild í hópum. Börnin lærðu meira sérstaklega þegar börnin fóru í litlu hópana, þá gat leikskólakennarinn gefið þeim meira stuðning og aðstoð við ýmis verkefni.

Það gekk vel með þróunarverkefnið, hæglæti og útivera og erum við, kennarar og börn mun rólegri. Þá erum við ekki mikið að drífa okkur af stað heldur stöldrum við meira í núinu og finnum okkur rólega stund í hádeginu þegar við þurfum á því að halda.

Það var tónlist einu sinni í viku, það var svo meira eftir áramót þegar vinnan kringum barnamenningarhátiðina var og þegar styttist í sýninguna. Þegar við festum dagana með ákveðin verkefni þá gekk það mun betur að halda okkur við verkefnin og líka að hlusta meira á börnin(áhugasvið þeirra). UMSB húsið gekk vel og einnig með sundið, sem var gulrót í enda vikuna í UMSB fyrir börnin. Með UMSB húsið þá varð útinámið markvissara.

Hvað hefði mátt betur fara:

Við þurfum að vera betri í að minna okkur á að við þurfum ekki að drífa okkur, vera til staðar og taka hlutina á þeirra hraða, hægt og rólega. Deildarstjóri vill senda meira upplýsingar til foreldra, þó að það hafi verið gert markvisst þá hefði mátt segja meira frá því hvað við erum að gera og senda fleiri faglega punkta. Við þurfum að minna okkur á að tala saman og bara leyfa okkur að vera, þó eitthvað fari á annan veg þá gerist ekkert. Við hittum árgangana á Klettaborg nokkrum sinnum, við hefðum alveg viljað vinna meira saman og þá meira markvisst. Hvort sem það eru verkefni eða hittingar. Við hefðum mátt taka stöðvunum meira markvisst á morgnanna og byrja fyrr en við gerðum.

Foreldrasamstarf á deildinni:

Á Grettisbæli var foreldrum boðið upp á samtal að hausti og vori, það var vel mætt í viðtölin á deildinni. Við notumst við ljósmyndaskráningu og sendum á foreldra hvað börnin eru að fást við í daglegu starfi. Karellen er einnig notuð í samskipti við foreldra. Við notuðum líka instagram til að senda út myndir til foreldra. Foreldrar hafa lýst yfir ánægju með að geta séð hvað börnin eru að gera yfir daginn í leikskólanum og einnig að geta séð skráningu um matinn hvernig börnin borða. Deildarstjóri sendi tölvupóst á foreldra reglulega þar sem þeir voru upplýstir um þau verkefni sem verið var að vinna hverju sinni ásamt öðrum upplýsingum.

3.1.5 Eldborg

Í sumarfríinu 2025 var deildin aflögð og starfsmannarýmið flutt þangað.

3.2 Skýrsla sérkennslustjóra

Sérkennsla í leikskólanum Uglukletti veturinn 2025-2026

Áhersla er lögð á að sérkennsla í Uglukletti fari að mestu fram í daglegu starfi leikskólans, innan dyra og utan. Sérkennslurými leikskólans er nýtt fyrir einstaklingsþjálfun og litla hópa sem þurfa þjálfun í afmarkaðra rými. Sjónrænt skipulag er nýtt sem stuðningur við nemendur og eru sjónrænar vísbendingar víða á veggjum en einnig eru kennarar með spjöld og myndir til að nota í sérstökum aðstæðum og með einstaka börnum bæði úti og inni. Tákn með tali er nýtt í daglegu starfi og sem sérstakur stuðningur.

Börn með frávik í þroska fá sum hver einstaklingsnámskrá sem stuðst er við í þeirri vinnu sem fram fer í leikskólanum. Einstaklingsnámskrárnar eru unnar út frá AEPS (Assessment, Evaluation, Programming System for Infants and Children) sem er færnimiðað matskerfi og eru námskrárnar endurskoðaðar á 6 mánaða fresti. Ný markmið, með beina tengingu í námskrána, eru sett fram og endurmetin eftir þörfum. Fundað er reglulega með foreldrum þeirra barna sem eiga einstaklingsnámskrá í þeim tilgangi að endurmeta markmið í samráði við þá. Þennan vetur voru fimm börn í Uglukletti með einstaklingsnámskrá. Teymi hafa verið starfandi í kringum sex börn vegna velferðar þeirra og náms í vetur. Aðkoma Ráðgjafar- og greiningarstöðvar hefur verið regluleg í teymum fjögurra barna og hafa sérfræðingar þaðan veitt stuðning og gefið góð ráð til foreldra og leikskóla.

Skólaþjónusta Borgarbyggðar kemur að málum innan leikskólans sem þarfnast nánari greiningar og veita ráðgjöf eftir þörfum. Júlíana Vilhjálmsdóttir verkefnastjóri skólaþjónustu hefur komið í leikskólann einu sinni í mánuði í vetur til að eiga ráðgefandi samtal við stjórnendur. Þá hefur hún einnig setið teymisfundi þar sem þess gerist þörf, ýmist í hlutverki ráðgjafa eða málstjóra. Í gegnum skólaþjónustu hefur leikskólinn aðgang að þjónustu utanaðkomandi sérfræðinga. Það eru sálfræðingar, atferlisfræðingur, virknimatsráðgjafi, iðjuþálfi og talmeinafræðingur. Sálfræðingur var með ráðgjafatíma eftir þörfum í vetur ásamt því að framkvæma frumgreiningar. Ráðgjafatímarnir eru skipulagðir í samráði við sérkennslustjóra og

eru þeir eftir þörfum ýmist nýttir til kennara og/eða foreldra. Atferlisfræðingur kom að máli eins barns í leikskólanum þetta skólaárið og iðjuþálfi gerði skynúrvinnslumat hjá tveimur börnum. Talmeinafræðingur sveitarfélagsins var í fæðingarorlofi þetta skólaár og féll því regluleg ráðgjöf og þjálfun innan leikskólans sem fellur undir sveitarfélagið niður. Mikil þörf er fyrir slíka ráðgjöf og eftirfylgd og var það tilfinnanlegt að það vantaði þetta skólaár. Mat á framburði og málþroska var framkvæmt af talmeinafræðingum í verktöku sem kallaðar voru til eftir þörfum en oft var biðin löng. Að loknu mati voru skilafundir og skýrslum skilað til foreldra og leikskóla með áherslum og leiðum til íhlutunar sem unnið er eftir. Ugluklettur hefur verið með eitt pláss í viku í fjarþjálfun hjá Tröppu sem er meðferð og þjálfun talmeinafræðinga í gegnum fjarfundabúnað og er fyrir þau börn sem falla undir viðmið sjúkratrygginga. Hafa börn í elsta árgangi með þörf fyrir slíka þjónustu verið í forgangi við að nýta hana. Síðasta skólaár nýttu fjögur börn sér þjónustu Tröppu í Uglukletti.

Sérkennslustjóra-og lausnateymisfundir eru haldnir einu sinni í mánuði í Ráðhúsinu. Lausnateymið samanstendur af sérkennslustjórum allra leikskóla í Borgarbyggð, fulltrúa skólaþjónustu sem er Júlíana Vilhjálmsdóttir og talmeinafræðingi sveitarfélagsins Þorbjörgu Sögu Ásgeirsdóttur sem hefur verið frá þennan vetur. Á fundunum eru lagðar fyrir beiðnir til talmeinafræðings, virknimatsráðgjafa, iðjuþjálfa og atferlisfræðings. Öll mál sem lögð eru fyrir í lausnateymi eru rædd nafnlaust. Á sérkennslustjórafundum ræða sérkennslustjórar skipulag og ýmsa þætti er snúa að starfinu. Fulltrúi skólaþjónstu situr einnig þann fund, setur upp dagskrá og ritar fundargerð. Fundirnir eru nýttir sem jafningjastuðningur, ráðgjöf og ræddar lausnir við aðstæðum og atvikum sem upp geta komið í starfinu. Farið var í tvær ferðir á skólaárinu. Að hausti fóru sérkennslustjórar ásamt Júlíönu frá skólaþjónustunni í heimsókn í leikskólann Víðivelli í Hafnarfirði og í Arnarskóla. Að vori fóru sérkennslustjórar ásamt Júlíönu í heimsóknir á milli leikskólanna í Borgarbyggð til þess að sýna og sjá aðstöðu og efnivið sem verið er að vinna með á hverjum stað.


Nemendaverndarráð er starfrækt í Uglukletti og boðar leikskólastjóri nemendaverndarfundi sem haldnir eru einu sinni í mánuði. Þessa fundi sitja leikskólastjóri, aðstoðarleikskólastjóri, sérkennslustjóri, sálfræðingur, fulltrúi skólaþjónustu og fulltrúi frá barnavernd. Á nemendaverndarfundi koma annarsvegar inn beiðnir undirritaðar af foreldrum um að mál séu rædd og veitt ráðgjöf um úrlausn og hins vegar beiðnir undirritaðar af foreldrum lagðar fram til áframhaldandi athugunar eða greiningar hjá sálfræðingum. Þetta skólaár varð sú breyting á að

fundirnir voru haldnir á Teams en ekki sem staðfundir.

Hvert ár að hausti er Hljóm-2 próf lagt fyrir elstu börn leikskólans. Hljóm-2 er aldursbundin skimun sem er lögð fyrir til að meta hljóðkerfis- og málvitund barna í elsta árgangi leikskóla. Skimunin er framkvæmd í því skyni að greina þau börn sem eru í áhættu vegna lestrarerfiðleika þegar formlegt lestrarnám hefst. Haustið 2025 var Hljóm-2 prófið lagt fyrir 15 börn í Uglukletti. Niðurstöður voru þær að 2 börn komu út með mjög slaka færni, 1 með slaka færni, 6 með meðalfærni og 6 með góða færni. Þau börn sem koma út í slakri eða mjög slakri færni að hausti fá sérstaka íhlutun og fara svo í prófið aftur vorið eftir. Að vori tóku 2 börn prófið aftur og komu þá bæði út í meðal færni.

Áframhald var á þróunarverkefni um að halda sérstaklega utan um málörvun fyrir fjöltyngd börn. Teymi sem samanstendur af sérkennslustjóra og tveimur verkefnastjórum setti upp áætlanir og markmið fyrir veturinn og voru nýttar skráningar til að mæla árangur. Rannsóknir sýna að fjöltyngdir nemendur standa höllum fæti í skólakerfinu og viljum við leggja okkar að mörkum við að skoða mismunandi aðferðir og freista þess að finna leið til að ná fram betri árangri í málörvun þessara barna. Þennan veturinn voru að jafnaði um 20 börn í Uglukletti sem skilgreind eru sem fjöltyngd. Fengu þau auka málörvun í daglegu starfi með aðferðinni „Gefðu 10“ sem kynnt var inn á allar deildar um haustið, verkefnastjórar fóru einnig inn í daglegt starf með auka lestur og spjall ásamt því að nýta sérkennslurými til rólegra málörvunarstunda. Unnið var eftir mánaðarlegum þemum og orðaforðainnlögn miðuð að þeim. Ráðgjöf frá talmeinafræðingi er stór þáttur í þessari vinnu sem mikilvægt er að fá inn aftur næsta skólaár.

3.2.1 Verkferlar stoðþjónustu



3.2.2 Helstu skimanir sem stuðst er við í leikskólastarfinu

		Framkvæmd	Tímasetning
Tras skimun	Öll börn leikskólans frá 2-5 ára.	Kennarar með réttindi á matstækið	2 mánuðum eftir 2 ára afmæli barns og síðan á 6 mánaða fresti eftir það.
Hljóm-2 próf	Fálkar, elstu börn leikskólans.	Kennarar með réttindi á prófið	Október -Endurmat í mars hjá þeim sem koma út í slakri eða mjög slakri færni.
AEPS skimun	Börn sem þurfa sérstakt utanumhald og stuðning við nám sitt.	Sérkennslustjóri	Í fyrsta skipti ef ástæða þykir til og síðan endurmetið á 6 mánaða fresti.
Orðaskil skimun	Metur stöðu orðaforða hjá börnum á bilinu 1 ½ -3ja ára.	Sérkennslustjóri	Ef ástæða þykir til.
Smábarnalistinn	Metur þroska 15-38 mánaða barna. Staðlaðar spurningar um mál-og hreyfifærni.	Kennarar með réttindi á matstækið	Ef ástæða þykir til.
Þroskalistinn	Metur þroska 3-6 ára barna. Staðlaðar spurningar um mál-og hreyfifærni.	Kennarar með réttindi á matstækið	Ef ástæða þykir til.

Ágústa Hrönn Óskarsdóttir sérkennslustjóri

3.3 Skýrsla leiðsagnarkennara

Leiðsagnarkennari bauð þeim starfsmönnum sem eru í námi upp á leiðbeinandi sömtöl um nám sitt og tengsl við starfið, stundum er um óformlegt spjall milli þessara aðila að ræða. Starfsmenn í námi og þau sem stefna á nám næsta haust hafa sum hver nýtt sér samtal við leiðsagnarkennara til að fá upplýsingar t.d. um nám sitt og tengsl við starf sitt auk þess að fá spjall og innsýn inn í mismunandi námsleiðir. Einn nemi á loka ári í leikskólakennarafræðum var hér í starfstengdu námi á vettvangi í allan vetur. Þrír nemar voru í styttra staðnámi, hver í 10 daga. Umsagnir allra nema varðandi upplifun þeirra á veru sinni í Uglukletti og samskipti og samtal við leiðsagnarkennara voru mjög jákvæðar.

Starfsmenn hafa aðgang að efni sem nefnist „Hver er ég sem kennari". Þar er starfsfólk hvatt til að skoða eigin starfshætti, ígrunda sína starfskenningu auk þess að setja sér markmið hvað varðar starfsþróun og símenntun. Starfsmönnum stendur einnig til boða að eiga samtöl við leiðsagnarkennara um starf sitt og t.d. þær áskoranir sem staðið er frammi fyrir. Leiðsagnarkennari á auk þess samtal við nýja starfsmenn um starfið í Uglukletti og er þeim innan handar þegar þörf er á.

Næsta vetur langar mig að efla enn frekar samskipti og örsamtöl við deildarstjóra. Stuðningur við þá er mjög mikilvægur og nauðsynlegt er að búa til vettvang fyrir samtal og sterkan jafningjastuðning við og innan þess hóps. Þessi liður mun því verða einn af matsþáttum næsta vetrar.

Elín Friðriksdóttir leiðsagnarkennari

3.4 Skýrsla heilsueflandi teymis

Þau atriði sem við skoðuðum í vetur úr gátlistum Heilsueflandi leikskóla voru:

- Markvisst er unnið að því að efla jákvæða sjálfsmynd barna með því að hjálpa þeim að finna og nota einstaklingsbundna styrkleika sína.
- Reglulega er boðið upp á fræðslu um einkenni og afleiðingar streitu og ráð til úrbóta.

Niðurstöður endurmats í maí 2026 voru á þessa leið:

Ugluklettur hefur á liðnum vetri haldið áfram að leggja markvisst áherslu á heilsueflingu í leikskólastarfinu. Frá upphafi hefur verið lögð áhersla á að nálgast jafnt þá þætti sem tilgreindir eru í gátlistum en þó hefur þungamiðja verkefnisins verið á geðrækt og heilnæmt matarræði. Starfið í vetur hefur gengið vel og endurspeglast t.d. það í vellíðan barna og starfsfólks. Áhersla hefur verið lögð á að skapa jákvætt og styðjandi umhverfi þar sem hvert barn fær að njóta sín, upplifa öryggi og efla sjálfsmynd sína. Hér að neðan eru helstu áhersluatriði vetrarins og hvernig unnið hefur verið að þeim.

Síðastliðin þrjú ár höfum við tekið þátt í þróunarverkefninu Stilla – hæglæti í leikskólastarfi. Það felur í sér að skapa umhverfi þar sem bæði börn og starfsfólk fá svigrúm til að njóta augnabliksins og læra á sínum hraða. Með því að draga úr erli, gefa tíma í leik, samskipti og athafnir og hlusta betur á upplifun og þarfir barna, eykst vellíðan og tækifæri til dýpri þátttöku. Hæglæti getur stutt við jákvæða sjálfsmynd barna og dregið úr streitu í daglegu starfi.

Í vetur voru tveir þættir úr gátlistum Heilsueflandi leikskóla í matsáætlun skólans en þá og niðurstöður úr endurmati vetrarins þeim tengdar má finna hér:

1. **Markvisst er unnið að því að efla jákvæða sjálfsmynd barna með því að hjálpa þeim að finna og nota einstaklingsbundna styrkleika sína.**

Í Uglukletti er markvisst unnið að því að efla jákvæða sjálfsmynd barna með því að hjálpa þeim að uppgötva og nýta sína einstaklingsbundnu styrkleika. Það er gert með því að sýna þeim stuðning, vera til staðar, veita þeim athygli og jákvæða svörun. Kennarar nýta leik, samveru í minni hópum og áhugamál barnanna til að skapa aðstæður þar sem hvert barn og styrkleikar þess fá að njóta sín.

Markvisst hrós og hvatning er mikilvægur þáttur, þar sem börn eru hvött áfram og fá viðurkenningu þegar vel gengur. Einnig er lögð áhersla á að auka lýðræði í barnahópnum svo þau fái sterkari rödd og upplifi að skoðanir þeirra skipti máli. Í gegnum vinnu í smærri hópum tengjast kennarar ákveðnum börnum betur, verða meðvitaðri um þarfir þeirra og geta unnið sérstaklega með styrkleika innan hópsins.

Að auki eiga kennarar faglegt samtal sín á milli til að finna bestu leiðir til að styðja hvert barn. Með því að sýna börnum áhuga, styðja þau í daglegu starfi og skapa jákvætt umhverfi þar sem þau fá að blómstra, er stuðlað að sterkari sjálfsmynd og auknu sjálfstrausti.

2. Reglulega er boðið upp á fræðslu um einkenni og afleiðingar streitu og ráð til úrbóta.

Í Uglukletti er reglulega unnið að því innan starfsmannahópsins að efla vitund um streitu, einkenni hennar og leiðir til úrbóta með því að leggja áherslu á góð samskipti og samvinnu. Mikilvægt er að starfsmenn tali saman á uppbyggilegan hátt, í rólegheitum og forðist neikvætt tal, en einblíni þess í stað á lausnir og jákvæða nálgun. Einnig er hvatt til þess að starfsfólk „skilji bakpokann eftir við útidyrnar", sé meðvitaður um eigin aðstæður og álag auk þess sem það velji sér „slaginn" – það þarf ekki þarf að taka þátt eða vera bestur í öllu.

Skipulag starfsins er stór þáttur í streituminnkun, til dæmis með því að deila verkefnum betur, skipta barnahópnum oftar upp í minni hópa og forðast að vera með of mörg börn í litlum rýmum. Lauslega skipulagðar stundir og aukin yfirsýn, eins og að vera vakandi fyrir því hvar börnin eru, geta einnig dregið úr álagi. Sérstakir álagspunktar, eins og fataklefinn, eru hafðir í huga og reynt að bæta aðstæður þar.

Lögð er áhersla á að starfsfólk sé samtaka, styðji hvert annað og taki sér stund til að anda og hlaða batteríin. Með því að sýna skilning á aðstæðum, vera með „hæglætisgleraugun" á sér og lesa í aðstæður hverju sinni, er hægt að bregðast betur við ólíkum aðstæðum. Jafnframt er viðurkennt að upplifun streitu er mismunandi milli einstaklinga, sem kallar á sveigjanleika og opið samtal til að finna bestu leiðir í hverju tilfelli.

Valdir hafa verið tveir liðir úr gátlistunum til að vinna með næsta vetur. Þeir eru eftirfarandi:

- Starfsfólk tekur virkan þátt í leikjum og öðrum viðfangsefnum barna á skólalóð.
- Börn og foreldrar eru vel upplýst um farsældarlöggjöfina og hlutverk og ábyrgð leikskólans í átt að farsæld allra barna.

Þessa liði munum við nálgast út frá spurningum líkt og: Hvað eru starfsmenn að fást við í útveru? Hvernig styðjum við við leik barnanna og hvernig efnivið er að finna á útisvæðinu? Auk þess er ætlunin að senda foreldrum ýmsar upplýsingar t.d. um farsældarlögin og almennt hlutverk leikskóla reglulega til foreldra s.s. í vikufréttum.

F.h. teymisins Elín Friðriksdóttir

4 Þróunarverkefni;

4.1 Stilla, Hæglátt leikskólastar

Síðastliðin þrjú ár höfum við í Uglukletti tekið þátt í þróunarverkefninu Stilla - Hæglæti í leikskólastarfi en nú er því að ljúka. Verkefnið hefur haft jákvæð og djúpstæð áhrif á starfshætti okkar, nú í vetur lögðum við sérstaka áherslu á sköpun en leitast var við að búa til umhverfi um sköpunina sem ýtti undir vellíðan og gæfi bæði börnum og starfsfólki rými til að njóta augnabliksins. Í maí tókum við þátt í ráðstefnu í Háskólabíó þar sem við miðluðum reynslu okkar og fengum jafnframt innblástur frá öðrum. Dröfn og Lukka fluttu erindi fyrir okkar hönd sem bar heitið Hvernig set ég á mig hæglætisgleraugun? Allur starfsmannahópurinn sótti ráðstefnuna en sótt hafði verið um auka skipulagsdag vegna hennar.

Í gegnum þetta ferli höfum við velt eigin starfsháttum mikið fyrir okkur og þróað meðvitaðari nálgun á daglegt starf. Hæglæti í þessum skilningi felur ekki í sér að gera minna, heldur að gera hlutina með meiri nærveru, gæðum og athygli. Þessi nálgun fellur mjög vel að áherslum leikskólans og hefur styrkt þá menningu sem við viljum byggja upp.

Þó verkefninu sé formlega lokið er ljóst að vinnan heldur áfram. Við munum áfram leggja rækt við hæglæti í daglegu starfi og festa þessa nálgun enn betur í sessi sem hluta af menningu leikskólans, með það að markmiði að styðja við vellíðan, sköpun og jákvæða þróun allra sem tilheyra skólasamfélaginu.

Verkefnastjóri, Elín Friðriksdóttir

4.2 Sundverkni Dódóar

Mat á sundi eftir fyrsta veturinn - frá september 2025 út maí 2026.

Hver og einn nemandi fór ca 9 skipti í sund. Fyrir áramót voru 3 hópar sem skiptust á að fara í UMSB húsið (10-11 í hóp). Eftir áramót eru hóparnir orðnir 4 og því líður lengri tími á milli sundtímana hjá hverjum og einum. Í hverjum hóp eru 7 – 8 nemendur sem er mikill kostur að hafa ekki of marga.

Framfarir; augljósar framfarir eru sérstaklega hjá þeim nemendum sem fara sjaldan í sund.

Þau eru öruggari og kunna betur á t.d að vera í klefanum og vera rólegri/yfirvegaðri í lauginni. Dæmi; í fyrsta tíma vildi einn nemandi ekki hoppa af bakka ofaní laugina en hoppar núna alveg sjálfur. Ein vildi alls ekki kíkja í kaf en er núna farin að fara alveg með andlitið ofaní og kíkir á hringi með sundgleraugum. Sumir vildu bara renna sér í gulu rennibrautinni en núna þora þau að fara í grænu. Það er líka hvetjandi fyrir þau að sjá aðra samnemendur hoppa óhrædd, fara í kaf eða renna sér niður. Nokkrir nemendur eru ekki með armkúta og eru komnir aðeins lengra en aðrir. Þarf að vera dugleg að segja þeim til og koma þeim enn lengra með sínar framfarir.

Það væri betra að fara með styttra millibili í sund og við myndum auðvitað sjá meiri framfarir EN við megum ekki gleyma því að sundið er fyrst og fremst leikur og læra í gegnum leikinn og þau finni til öryggis/jákvæð upplifun og að það sé skemmtilegt. Síðast en ekki síst að þetta er þetta alveg frábær undirbúningur fyrir komandi skólagöngu. Jafnframt nýta aðstöðuna því við erum staðsett í UMSB húsinu.

Börnin eru misdugleg að hlusta og taka tilsögn, bara eins og aðrir krakkar. Ég finn ekki mikið fyrir því að þau eru bara 4 ára að verða 5 . Þau eru áhugasöm og alveg til í þetta. Við erum að gera alveg frábæra hluti og það er alveg einstakt að leikskólinn getur boðið upp á sund á þessum aldri .

Leikskólakennarar þessara hópa eru allir til í þetta, jákvæður andi og skemmtileg stemmning smitar út frá sér í mjög góðar samverustundir í sundlauginni.

Í lokin - uppgjör e.fyrsta veturinn :

Gekk ótrúlega vel og við vorum mjög heppin með bæði veður og hversu dugleg þau voru að prófa þetta verkefni. Þurftum aldrei að fresta sundtíma, þurftum nokkrum sinnum að vera á þriðjudögum í staðinn. Allir mjög ánægðir, börnin, starfsfólk og foreldrar. Sjáum miklar framfarir hjá flestum, fundum samt alveg mun þegar við vorum búin að skipta þeim í 4 hópa og þá leið lengri tími á milli sundtíma, betra að hafa styttra á milli. Erum staðráðinn í að halda áfram með sundið veturinn 2026-7 .

Ég keypti sjálf sundgleraugun og síðan litlar froskalappir (2stk) hjá Á.Óskarssyni, spurning næsta vetur að bæta við froskalappirnar. Væri sniðugt að athuga líka með nýja armkúta þegar við byrjum aftur og vera dugleg að nota líka beltiskúta á þá sem eru lengra komnir . Fengum lánað dót í sundlauginni og síðan líka sem ég á sjálf. Starfsfólk íþróttahús var einnig

liðlegt og tók vel á móti okkur - ÞÓ VÆRI :)

Verkefnastjóri Sigrún Ögn

4.3 Snemmtæk íhlutun varðandi mál og læsi

Á liðnum vetri tók leikskólinn þátt í eins árs þróunarverkefni ásamt hinum leikskólunum í Borgarbyggð. Verkefnið sneri að snemmtækri íhlutun varðandi mál- og læsisþroska barna. Í verkefninu höfum við rýnt markvisst í okkar starfshætti, sérstaklega málörvunarstundir, og skerpt á uppbyggingu þeirra, tilgangi og framkvæmd. Jafnframt höfum við lagt áherslu á bættar og markvissari skráningar sem veita okkur skýrari upplýsingar um stöðu barna og framfarir.

Unnið var að því að flokka og skipuleggja málörvunarefni betur þannig að það væri aðgengilegt og nýtist á skilvirkan hátt í daglegu starfi. Starfsmenn hafa fengu markvissa fræðslu í að minnsta kosti einn og hálfan skipulagsdag á vegum Miðstöðvar menntunar og skólaþjónustu, sem hélt utan um verkefnið. Verkefnið hefur aukið þekkingu og meðvitund um mikilvægi snemmtækrar íhlutunar og markvissrar málörvunar meðal alls starfsfólks.

Unnin var handbók fyrir Ugluklett sem nýtist áfram sem fræðileg undirstaða starfsins varðandi snemmtæka íhlutun og málörvun, auk þess sem útbúin voru veggspjöld sem styðja við daglega framkvæmd. Veggspjöldin eru níu talsins og nýtast bæði starfsfólki og foreldrum. Þau tengjast þemum og gildum leikskólans, auk helstu málþátta, táknum úr Tákn með tali, framburðarhljóðum og hagnýtum ábendingum. Við viljum þakka Þórunni Eddu Bjarnadóttur fyrir uppsetningu á handbókinni og veggspjöldunum.

Áhersla hefur verið lögð á að málörvun sé jákvæð og skemmtileg upplifun fyrir börnin, þar sem leikur og áhugi fær að njóta sín. Jafnframt er mikilvægt að halda vel utan um skráningar og nýta þær upplýsingar sem þær gefa til að bæta starfið. Með verkefninu höfum við náð að samræma starfshætti betur, þannig að allir starfsmenn séu á sömu línu og eru meðvitaðir um mikilvægi daglegrar málörvunar í starfi leikskólans.

Verkefnastjórar, Ágústa Hrönn Óskarsdóttir Elín Friðriksdóttir

5 Mannauður

5.1 Starfsmannahópurinn

Skessuhorn

Leikskólakennari með deildarstjórn	1
Leiðbeinandi	3

Baula

Leikskólakennari með deildarstjórn	1
Leikskólakennari	1
Leikskólakennaranemi í starfsnámi	1
Leiðbeinandi	1

Grábrók

Leikskólakennari með deildarstjórn	1
Leikskólakennari	1
Íþróttakennari	1
Leiðbeinandi í leikskólakennaranámi	1
Leikskólaliði í leikskólakennaranámi	1
Leiðbeinandi	1

Grettisbæli

Leikskólakennari með deildarstjórn	1
Kennari	1
Leiðbeinandi	3

Aðrir

Matráður	1
Aðstoðarmatráður	1
Leikskólakennari í sérverkefni	2
Leiðbeinandi í afleysingu	2
Leikskólaliði í afleysingu	1
Leikskólakennarar í stjórnendateymi	3

5.1.1 Starfsþróunarsamtöl

Deildarstjórar tóku árleg starfsmannasamtöl að þessu sinni. Lagt er upp með að deildarstjórar taki örsamtöl við hvern starfsmann, ca 10 mínútur, einu sinni í mánuði.

5.1.2 Símenntun þessa skólaárs

Hver starfsmaður getur óskað eftir að fara á námskeið að eigin frumkvæði en áætlun vetrarins er varðar námskeið og aðra símenntun fyrir allan hópinn var á þennan veg:

- Einhverjir þurfa að fara á TRAS námskeið
- Fyrstu hjálparnámskeið, haldið 17. mars 2026
- Atferlisfræðingur verður með námskeið um hegðun barna, haldið í ágúst 2025
- Námskeið og fyrirlestrar tengd verkefninu Snemmtæk íhlutun varðandi mál og læsi, sem allri leikskólar Borgarbyggðar eru þátttakendur í. 1 og hálfur skipulagsdagur var notaður í verkefnið auk þess sem verkefnastjórar frá MMS komu til að fylgjast með málörvun í leikskólanum.

Áætlað var að hafa sem flest námskeið og aðra fræðslu á starfsmannafundum og skipulagsdögum. Deildarstjórar fóru á tveggja daga námskeið í Færni til framtíðar uppeldi sem virkar, leiðbeinendanámskeið. Leikskólastjórnendur, sérkennslustjóri og einn deildarstjóri fóru á sama námskeið til að hafa réttindi til að halda svipað námskeið fyrir starfsfólk.

Þau námskeið eða fyrirlestrar sem bættust við voru:

- Fyrirlestrar, kynningar og eftirfylgni varðandi þróunarverkefnið Snemmtæk íhlutun varðandi mál og læsi, sem allri leikskólar sveitarfélagsins voru þátttakendur í.
- Fyrirlestur um Tengslamyndun barna, haldinn á starfsmannafundi 15. apríl 2026.

Ráðstefna vegna Stillu hæglætis í leikskólastarfi, haldin í Háskólabíó þann 7. maí 2026.

5.1.3 Önnur símenntun

Líkt og fyrri ár er töluvert um að starfsmenn sæki sér ýmsa menntun, símenntun og starfsþróun. Tveir starfsmenn stunda nám í grunnnám í leikskólakennarafræðum. Einn starfsmaður er í meistaranámi í leikskólakennarafræðum, sá starfsmaður er hér í starfsnámi á vettvangi í vetur, og einn starfsmaður heldur áfram í meistaranámi í uppeldis- og foreldraráðgjöf.

Nokkrir starfsmenn hafa nýtt sér Menntafléttuna, t.d. fyrir deildarstjóra og nýliða í kennslu. 2 deildarstjórar fóru þann 31. Okt námskeið hálfan daginn í þjónandi leiðsögn á vegum Borgarbyggða. Leshringur vegna Stillu verkefnisins var í vetur og þar var til grundavallar ýmislegt efni tengt hæglæti. Teymisfundir vegna Snemmtækrar íhlutunarverkefnisins voru haldnir einu sinni í mánuði. Í því teymi sitja Elín og Ágústa fyrir hönd Uglukletts. Rætt var um ýmislegt tengt málþroska, málörvun, læsi og börnum með fjölbreyttan menningar og tungumála bakgrunn. Boðið var upp á námskeið fyrir deildarstjóra varðandi kvíða barna og stuðning við foreldra.

14. nóvember 2025 fóru 2 deildarstjórar á námskeið í Þjónandi leiðsögn. 2. desember 2025 fóru deildarstjórar á námskeiðið Börn og kvíði, sem haldið var af sálfræðingi á vegum Borgarbyggðar.

5.1.4 Áætlun um símenntun í leikskólanum næsta skólaár

Símenntun starfsmanna mun að mestu leyti fara fram á starfsmannafundum sem og skipulagsdögum á skólaárinu 2026-2027. Hver starfsmaður getur auk þess óskað eftir að fara á námskeið að eigin frumkvæði. Það er alltaf töluverður tími á skipulagsdögum og starfsmannafundum nýttur til að ræða beint starfið í Uglukletti og hvernig gengur. Vilji er til að halda uppi áherslum sem unnið hefur verið með undanfarin ár, sem snúa að hæglæti í leikskólaskólastarfi og snemmtækri íhlutun varðandi mál og læsi. Stefnt er að því að það fagfólk sem á eftir að sitja námskeiðið TRAS geri það svo almenn þekking sé á þeim matstækjum meðal fagfólks í Uglukletti. Þau námskeið sem stefnt er að halda fyrir alla starfsmenn:

- Samskipti á vinnustað, hvaða áhrif hefur hver og einn? Námskeið með Klettaborg.
- Námskeið fyrir stjórnendur á vegum Borgarbyggðar.

5.2 Barnahópurinn

Fjöldi barna, kynjahlutfall, dvalarstundir, fjöldi barna sem njóta sérkennslu og fjöldi barna af erlendum uppruna.

5.2.1 Skipting árganga milli deilda

Barnahópurinn skiptist á fjórar deildar:

- Skessuhorn, árgangur 2024
- Baula, árgangur 2023
- Grábrók, árgangur 2021 og 2022
- Grettisbæli, árgangur 2020 og 2021

5.3 Foreldrar

Boðið er upp á almenn foreldrasamtöl tvisvar á ári, en foreldrum er velkomið að biðja um samtöl oftar ef þeir vilja. Foreldrafundur var haldinn þann 17. september 2025 en þar var sem vetrarstarfið kynnt. Foreldrafundur fyrir alla foreldra barna í elsta árgangi, var haldinn 8. janúar og farið var yfir skil á milli skólastiga. Í fyrsta sinn var þessi fundur haldinn í grunnskólanum og voru þar saman komnir allir foreldrar í árganginum, aðilar frá grunnskólanum, Klettaborg og Uglukletti. Almennt er leitast við að fá fram sjónarmið og hugmyndir foreldra um hina ýmsu þætti starfsins í leikskólanum.

5.3.1 Upplýsingar um foreldraráð, foreldrafundi og foreldrasamtöl

Óskað var eftir foreldrum í foreldraráð í september en ... foreldrar buðu fram krafta sína, þau eru:

- Fannar Óli Þorvaldsson
- Bjarnheiður Jónsdóttir
- Dagbjört Birgisdóttir
- Íris Gunnarsdóttir

5.3.2 Frá foreldraráði

Foreldraráðið stóð fyrir páskaeggjaleit, jóga fyrir börn og foreldra, sameiginlegu jólaballi á Hótel Borgarnes og sumarhátið í Uglukeltti.

5.3.3 Foreldrafélag Uglukletts

- Díana Brá Bragadóttir
- Auður Þórðardóttir
- Alexandra Sif Svavarsdótir
- Kolbrún Tara Arnarsdóttir
- Rebekka Huld Uthley

6 Samstarf leik- og grunnskóla

Var með hefðbundnu sniði samkvæmt samstarfsáætlun Grunnskóla Borgarnes, Klettaborgar og Uglukletts. Sú nýbreyttni var þó að kynningarfundur fyrir foreldra elstu barna var sameiginlegur með Klettaborg og fór fram í grunnskólanum. Deildarstjóri yngri barna hélt utan um fundinn. Það var ánægja með þetta fyrirkomulag en spurning hvort stjórnendur frá leikskólunum eigi að byrja fundinn, framsetning sé meira sameiginleg. Væri líka gott ef foreldrar fengju að skoða skólann. Fórum við með öllum útskriftarhópum leikskóla í Borgarbyggð í sameiginlega útskriftarferð í Vatnaskóg.

7 Mat á skólastarfi

Í leikskólanum er starfið í stöðugri þróun og þar á sér stað sífellt endurmat. Mat á leikskólastarfi hefur þann tilgang að tryggja að réttindi leikskólabarna séu virt og þau fái þá menntun og þjónustu sem þeim ber samkvæmt lögum um leikskóla. Mat á skólastarfi er tvíþætt: Annars vegar er um að ræða mat sem er framkvæmt af starfsfólki leikskólans og er kallað innra mat. Hins vegar er um að ræða mat sem utanaðkomandi aðili vinnur á vegum sveitarfélags, ráðuneytis mennta- og menningarmála eða annarra aðila og er nefnt ytra mat. Markmið mats er að auka þekkingu og skilning leikskólakennara og annars starfsfólks, foreldra og barna á þroska barna, námi og líðan. Matið á einnig að tryggja að starfsemi leikskóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrá leikskóla og að réttindi barna séu virt. Í leikskólanum er starfið í stöðugri mótun og þróun og þar á sér stað sífellt endurmat.

7.1 Innra mat leikskólans

Í upphafi skólaársins voru matsþættir vetrarins kynntir auk þess sem deildarnar ákváðu allar einn matsþátt. Nýttum til þess lýðræðislega nálgun og reyndum að ná fram röddum allra í

skólasamfélaginu. Önnur atriði sem við ætluðum að muna eftir og vinna að:

Dæmi um matstæki voru:

- Ferilmöppur
- Ljósmyndaskráningar
- Hljóm-2
- Tras
- Foreldramatsblað
- Ritaðar skráningar, t.d. úr foreldrasamtölum
- Tengslakannanir
- Foreldrakönnun Skólapúlsins

7.1.1 Umbótaáætlun eftir veturinn 2024 -2025

Í kjölfar endurmats vorið 2025 var búin til umbótaáætlun og þar farið yfir liði í skólastarfinu sem vilji er til að athuga betur og vinna að umbótum hvað þá varðar.

Umbótaþáttur	Aðgerðir	Ábyrgð	Hefst	Lýkur	Endurmat
Allir starfsmenn viti út á hvað námsáætlanirnar ganga	Kynna námsáætlanir á starfsmannafundi og til hvers þær eru	Aðstoðarleikskóla-stjóri	Haust 2025	Haust 2025	jan.26
Fyrir hvern gerum við skráningar	Gera meira af skráningum sem eru sýnilegar/ myndrænar og henta börnum	Allir starfsmenn	Haust 2025	áframhaldandi	Jan og vor 26
Innleiðing könnunaraðferðarinnar	Æfa okkur í því að nota könnunaraðferðina með börnunum	Allir starfsmenn	Haust 2025	áframhaldandi	Jan og vor 26
Gera meira af því sem okkur finnst gaman	Greina hvað starfsfólki og börnum finnst skemmtilegt	Allir starfsmenn	Haust 2025	áframhaldandi	Jan og vor 26

7.1.2 Matsáætlun 2025 – 2026

Fyrir hvert skólaár er búin til matsáætlun þar sem fram koma þeir matsþættir sem mynda grunn að innra mati skólastarfsins þann vetur. Þættirnir eru valdir út frá 5 ára matsáætlun Uglukletts en þar má finna ákveðin þemu sem stýra inntaki og efni þáttanna.

Matsáætlun Uglukletts 2025 - 2026

	Viðfangsefni	Matsþáttur	Viðmið um árangur	Ábyrgð	Þátttakendur	Aðferð	Tími	Umbæt./eftirfylgd	
2024/2025									
Þema: Að efla lærdómssamfélagið									
Innra mat	Samtalið og lærdóms-samfélagið	Teymis vinna tveggja deilda	Niðurstöður starfsmannakönnunar benda til aukinnar starfsánægju og að samvinna hafi aukist	Stjórnendur	Starfsmenn	Örsamtöl, starfsmanna-könnun			Markmiðið er að efla enn frekar samvinnu og samtal allra sem koma að skólastarfinu í Uglukletti. Sérstaklega verður litið til starfsmanna og samvinnu teyma þvert á deildar, eldri deilda/yngri deilda.
Mannauður	Stuðningur við samskipti barna	Upplifun barna í leikskólanum – félagsleg tengsl	Öll börn í eldra teymi upplifi það að þau eigi vin í leikskólanum	Deildastjórar	Starfsmenn og börn	Líðankönnun barna			Markmiðið er að efla enn frekar samskipti barna og styrkja samtal þeirra sín á milli.
Leikskólabragur	Foreldrasamtöl – fyrirkomulag	Samstarf við foreldra og sýn þeirra á skólastarfið	Skoðað hefur verið hvernig starfsfólk og foreldrar upplifa foreldrasamtöl og gerðar hafa verið umbætur	Deildastjórar	Starfsmenn, foreldrar og jafnvel börn	Stutt könnun í lok foreldra-samtals			Hvernig er foreldrasamtölum háttað og er eitthvað sem við viljum gera öðruvísi?
Hæglætið	Skráningar / könnunaraðferðin			Deildastjórar	Starfsmenn og börn				Markmiðið er að skoða hvernig könnunaraðferðin getur nýst okkur til að auka fjölbreyttni í skráningum auk þess að gera þær meira á forsendum barnanna.
Framsækið skólastarf - sk.st. Borgarbyggðar	Þekkingarþrá – rannsóknarmiðaðir starfshættir	Hvernig getum við aukið rannsóknarmiðaða starfshætti í Uglukletti		Deildastjórar	Starfsmenn og börn	Endumat á vori			Hvernig getum við eflt STEAM og rannsóknarmiðaða starfshætti með börnunum? Með rannsóknarmiðuðum starfsháttum er verið að meina allt það sem fær börnin til að ígrunda efnivið eða viðfangsefni sjálf og auka þekkingu sína á þeirra eigin forsendum.
Velíðan barna - sk.st Borgarbyggðar	Í hvaða aðstæðum líður barninu best?				Starfsmenn, börn og jafnvel foreldrar	Mat starfsmanna			Markmiðið er að skoða hvernig við getum mætt betur þörfum hvers barns til að komast í flæði og finna hæglæti. Hvernig getum við kortlagt hvar þeim líður best? Hvernig komum við því sem við komumst að t.d. til foreldra?
Starfsumhverfi - sk.st. Borgarbyggðar	Samvinna	Hvernig er hægt að stuðla að enn betra starfsumhverfi í Uglukletti		Stjórnendur	Starfsmenn	Starfsmanna-könnun			Hvernig getum við bætt starfsumhverfi okkar enn frekar þegar kemur að samvinnu milli allra þeirra sem eru í lærdómssamfélaginu okkar í Uglukletti?

7.1.3 Endurmat vetrarins

Eftir hvern vetur eru teknar saman niðurstöður út frá matsáætluninni. Niðurstöðurnar eru fengnar út frá gögnum sem safnað hefur verið yfirveturinn. Þetta árið, líkt og undanfarin ár, nýttum við

padlet vef þegar kom að endurmati vetrarins. Allir starfsmenn fengu senda slóð að vefnum. Gerðir voru dálkar eftir matsþáttum og svo voru nokkrar leiðbeinandi undirspurningar. Á deildarfundum ræddu allir starfsmenn um liðina en deildarstjórar sáu um að setja inn svör. Gefið var svo rýmri tími svo hægt var að setja inn endurmat eftir fundina. Þetta fyrirkomulag mældist mjög vel fyrir og fengum við mun meiri svörun en með þeim aðferðum sem hingað til hafa verið notaðar. Endurmat vetrarins sýnir að leikskólinn hefur náð góðum árangri í að innleiða áherslur um hæglæti, aukna málörvun og einstaklingsmiðaða nálgun. Um leið varpa niðurstöður ljósi á mikilvægi þess að efla teymisvinnu, styrkja fagleg samskipti, einfalda skráningar og tryggja að skipulögð málörvun haldi áfram að vera sýnilegur þáttur í starfinu. Þessar niðurstöður mynda grunn að umbótaáætlun og áherslum næsta skólaárs.

Þegar kemur að teymisvinnu, hvernig getum við eflt hana áfram?

Niðurstöður benda til þess að þörf sé á aukinni samvinnu starfsfólks þvert á deildir. Mikilvægt er að skapa sameiginlegan skilning og efla samskipti milli starfsfólks til að styðja við heildstæða nálgun í skólastarfinu.

Hvernig getum við bætt starfsumhverfi okkar enn frekar í átt að góðri samvinnu allra þeirra sem að skólastarfinu koma?

Til að stuðla að betra starfsumhverfi þarf starfsfólk að leggja áherslu á að tala saman, lesa í aðstæður og vera virkt þar sem börnin eru. Einnig er mikilvægt að dreifa barnahópnum, koma í veg fyrir að öll börn séu á sama stað og vera vakandi fyrir áhuga þeirra og efniviði sem kveikir forvitni. Með því að vinna út frá áhuga bæði barna og starfsmanna má skapa jákvæðara og lifandi starfsumhverfi.

Hvernig getum við eflt sjálfmynd hvers og eins barns í gegnum styrkleika þess?

Sjálfmynd barna styrkist þegar þeim er sýndur stuðningur í gegnum leik og í litlum hópum. Mikilvægt er að hrósa á markvissan hátt, vinna með áhuga og styrkleika hvers barns og vera til staðar fyrir hvern einstakling. Þekking starfsfólks á börnunum og faglegt samtal milli kennara um bestu leiðir skiptir miklu máli. Einnig er mikilvægt að efla lýðræði barna svo þau fái sterkari rödd í skólastarfinu og auka samverustundir í minni hópum.

Foreldrasamtöl og endurskoðun – hvernig getum við bætt þau?

Reynslan sýnir að gott er fyrir tvo starfsmenn að taka þátt í foreldrasamtölum til að tryggja stuðning og gæði samskipta. Einnig er gagnlegt að hafa markvisst efni, gögn eða leiðbeiningar til hliðsjónar til að gera samtölin markvissari og árangursríkari.

Í hvaða aðstæðum líður hverju barni best og hvernig getum við fundið hentugustu námsaðstæðurnar fyrir hvern og einn?

Niðurstöður benda til þess að börnum líði best í litlum hópum þar sem einstaklingurinn fær meiri athygli. Mikilvægt er að þeir sem þekkja hópinn best leiði starfið og að lögð sé áhersla á einstaklingsmiðað nám. Með skráningum og athugunum má lesa í aðstæður, bregðast við þörfum og fylgjast betur með hverju barni. Einnig er mikilvægt að skipuleggja umhverfið út frá þörfum barna og byggja nám á áhuga þeirra og hugmyndum.

Hvernig getum við þróað rannsóknamiðaða starfshætti og STEAM með börnunum?

Með því að nýta könnunaraðferðina má efla rannsóknamiðaða nálgun í starfi. Tækifæri felast í að tengja verkefni betur við þemu og hugsa þau sem stærri og samofnari heild þar sem fleiri námsþættir fléttast saman. Slík nálgun gefur svigrúm fyrir skapandi ferli og ófyrirséða þróun verkefna sem leiða bæði börn og starfsfólk áfram í námi.

Uppeldisfræðilegar skráningar í leikskólastarfi – hvernig nýtum við þær?

Skráningar eru unnar með fjölbreyttum hætti, s.s. myndum, texta, í möppum barna og í rafrænum kerfum. Þó er þörf á að einfalda ferlið og skýra tilgang skráninga betur. Mikilvægt er að skráningar séu ekki of flóknar heldur raunhæfar og tengdar daglegu starfi, jafnvel út frá einföldum viðburðum eins og gönguferðum. Notkun stílabóka hefur einnig reynst gagnleg.

Fyrir hvern gerum við skráningarnar og eru þær aðgengilegar börnum?

Skráningar eru bæði ætlaðar börnum, foreldrum og starfsfólki og birtast á veggjum og í möppum barna. Þó benda niðurstöður til þess að gera megi meira af sýnilegum og aðgengilegum skráningum. Sérstaklega er mikilvægt að börn taki þátt, til dæmis með eigin teikningum, og að skráningar séu settar fram á formi sem þau skilja og tengja við.

Hvernig getum við unnið að því að minnka streitu í starfsumhverfinu?

Til að draga úr streitu er mikilvægt að dreifa verkefnum, skipta barnahópum meira upp og nýta rými betur. Góð samskipti, jákvæðni og sameiginleg nálgun skipta miklu máli, sem og að starfsmenn „skilji bakpokann eftir við dyrnar“. Lauslegt skipulag, samvinna og hæfni til að lesa í aðstæður hjálpar við að skapa rólegra og betra vinnuumhverfi.

Erum við að gera nóg af því sem okkur finnst skemmtilegt og hvernig getum við aukið gleði í starfi?

Starfsfólk telur mikilvægt að bæta aðstöðu til skapandi og hljóðrænna verkefna, svo sem tónlistar. Einnig vantar meiri möguleika á vinnu í litlum hópum og aukna fjölbreytni í verkefnum, eins og vettvangsferðum og tilraunum. Áhersla er lögð á að fylgja eigin áhugasviði, prófa nýja hluti, ræða hugmyndir saman og endurskoða efnivið reglulega. Auk þess er lögð áhersla á aukna skynjunarvinnu og útiveru.

Málörvun – hvernig hefur þróunin verið í vetur?

Þróun málörvunar hefur almennt verið góð og margir nemendur hafa tekið framförum í málþroska. Þrátt fyrir að skipulagðar málörvunarstöðvar hafi að einhverju leyti tekið breytingum, hefur verið unnið markvisst í bæði stórum og litlum hópum og veitt aukin aðstoð þar sem þörf er á. Starfsfólk hefur verið duglegt að grípa tækifæri í daglegu starfi, lesa, syngja, segja sögur og nota fjölbreytt námsefni, þar á meðal með tvítyngdum börnum. Unnið er að því að finna nýjan farveg fyrir skipulagðar stundir innan breytts skipulags, t.d. þegar kemur að matsalnum.

8 Samantekt

Næsta vetur þurfum við því að leggja sérstaka áherslu á að efla samvinnu milli deilda og tryggja að samskipti starfsfólks séu markviss og skýr. Mikilvægt er að huga að skipulagi barnahópa þannig að dreifing sé jöfn og forðast að of mörg börn séu á sama stað á sama tíma. Við þurfum einnig að gæta þess að halda uppeldisfræðilegum skráningum einföldum, markvissum og sýna fram á tilgang, auk þess að tryggja að þær séu sýnilegar og skiljanlegar fyrir börnin sjálf. Jafnframt er mikilvægt að skipulagðar málörvunarstundir falli ekki niður, heldur séu þær fastur þáttur í starfinu. Til að draga úr streitu í starfsumhverfinu þarf að huga að skýrri verkaskiptingu, góðum samskiptum og jákvæðri nálgun, auk þess sem mikilvægt er að allir starfsmenn fái tækifæri til að nýta styrkleika

sína og njóta sín í starfi.

Hvað umbætur og áherslur fyrir næsta vetur varðar verður lögð áhersla á að efla teymisvinnu og samvinnu þvert á deildir, auk þess að vinna markvisst með litla hópa og einstaklingsmiðað nám. Einnig verður unnið að því að styrkja sjálfmynd barna með því að byggja á styrkleikum þeirra og auka lýðræðislega þátttöku þeirra í starfinu. Áfram verður þróuð rannsóknamiðuð nálgun í starfinu og leitast við að samþætta STEAM enn betur í verkefnum barna. Þá er mikilvægt að halda áfram að gera einfalda skráningar, auka gæði þeirra og gera þær sýnilegri, meðal annars með aukinni þátttöku barna sjálfra. Einnig verður lögð áhersla á að skapa fjölbreytt og skemmtilegt námsumhverfi með aukinni útiveru, nýjum verkefnum, sköpun og skynjun. Að lokum verður tryggt að málörvun sé markviss og reglulegur þáttur í daglegu starfi

Endurskoðun skólanámskrár Uglukletts kláraðist í september 2025. Þá var yfirlestri lokið bæði efnislega og varðandi málfar. Við þökkum Önnu Magneu Hreinsdóttur og Lilju S. Ólafsdóttur kærlega fyrir yfirlesturinn. Einnig þökkum við Þórunni Eddu Bjarnadóttur fyrir uppsetningu og fallegan frágang. Fram undan er að skrifa ritrýndagrein ásamt tveimur háskólakennurum um ferlið við ritun og endurskoðun skólanámskrár Uglukletts.

8.1.1 Umbótaáætlun eftir veturinn 2025 - 2026

Út frá niðurstöðum úr endurmati hvers vetrar er búin til umbótaáætlun varðandi nokkra þætti sem fram koma. Þetta eru matsþættir sem vilji er til að skoða betur og vinna að umbótum til að bæta skólastarfið enn frekar. Eftirfarandi er umbótaáætlun eftir veturinn 2025/2026 og fara þessir umbótaþættir inn í matsáætlun fyrir veturinn 2026/2027.

Umbótaþáttur	**Aðgerðir**	**Ábyrgð**	**Hefst**	**Lýkur**	**Endurmat**
Foreldrasamtöl	2 kennarar/ starfsmenn séu í samtölunum	Deildarstjórar			
Fagleg samtöl	Aukum fagleg samtöl um starfið okkar	Allir starfsmenn			
Jákvæð samskipti	Hrósa markvisst	Allir starfsmenn			

8.1.2 Áherslur í starfi leikskólans á næstkomandi starfsári, 2026 - 2027

Áherslur komandi skólaárs koma fram í 5 ára matsáætlun skólans og er þema vetrarins; Öflun gagna um starfið og umbætur.

Við höldum áfram með áherslur úr Stillu verkefninu þó svo að því sé formlega lokið. Það er vilji til að halda áfram samstarfi við hina Stillu leikskólana á einhvern hátt og vinna að því að festa áherslur hæglætis enn betur í sessi í skólastarfinu. Það sama má segja um verkefnið Snemmtæk íhlutun, því er lokið en við munum halda uppi áherslum þess.

Markmið næsta vetrar er að eiga meiri samskipti um skólastarfið og efla faglega umræðu. Það mun ekkert formlegt þróunarverkefni vera í gangi. Vilji til að taka samskipti við forelda á einhvern hátt inn í áherslurnar. 5 ára matsáætlun Uglukletts er að klárast næsta vetur og þurfum við að endurnýja hana.

8.2 Ytra mat

Ytra mat á vegum Menntamálastofnunar fór síðast fram í Uglukletti í desember 2020.

8.2.1 Umbótaáætlun

Umbótaáætlun vegna ytra matsins má finna á heimasíðu Menntamálastofnunar Leikskólar | Menntamálastofnun (mms.is)

9 Sérstakir viðburðir og heimsóknir í Ugluklett veturinn 2025-2026

07.ágúst	fyrsti opnunardagur eftir sumarleyfi, starfsmenn mæta á sínum tíma en börnin klukkan 10
25. ágúst	Kristín og Elín fóru á EECERA í Slóvakíu, ráðstefnu um menntarannsóknir, ásamt öðrum þátttakendum í Stillu verkefninu. Fyrirlestur um verkefnið, helstu áherslur og hvernig gengur
1. sept	Innleiðing 36 stunda vinnuviku fyrir alla starfsmenn Uglukletts.
1. sept	Nýtt gjaldakerfi fyrir leikskóla Borgarbyggðar sett í gang. Gjaldfrjáls tími milli 8-14, skráningadagar o.fl.
4. sept	Fyrsti fundur tengiliða í þróunarverkefninu Snemmtæk íhlutun með áherslu á mál og læsi

11. Sept	Hópur frá MMS (Miðstöð menntunar og skólaþjónustu) kom til að kynna sér starfið í Uglukletti. Er þetta liður í þróunarverkefninu Snemmtæk Íhlutun
17. Sept	Foreldrafundur að hausti, viðfangsefni vetrarins kynnt. Fundurinn var haldinn í hádeginu og ágætlega mætt.
25. Sept	Nemendur af íþróttabraut MB komu í heimsókn og voru með íþróttatíma fyrir okkar. Er þetta liður í samstarfi Uglukletts og MB
25. Sept	Sundverkefni Dódóar hefst. Fyrsti sundtíminn haldinn. Tveir elstu árgangar leikskólans fara í sundið, farið er á fimmtudögum þá viku sem þau eru í UMSB húsinu svo hver hópur fer þriðju hverju viku
29. Sept	Gulla listakona kom í sína fyrstu heimsókn í Ugluklett. Við fengum hana til okkar en þetta var okkar framlag til Barnamenningarhátíðar Vesturlands Barnó. Hún kom 4 sinnum til okkar og lagði áherslu á sköpun í hæglæti
3. október	Kristín og Elín voru með kynningu á Menntakviku um þróunarverkefnið Stillu ásamt öðrum þátttakendum í verkefninu
6. október	Tókum þátt í rannsókn, Kennarar og Covid.
10. Október	Lögreglan kom í heimsókn og gaf tveimur elstu árgöngunum endurskinsmerki
13. Október	Leikhópur kom í heimsókn með verkið Sónatína.
15. Október	Talmeinafræðingar á vegum MMS komu í heimsókn og fylgdust með málörvunarstundum. Þetta er liður í verkefninu Snemmtæk íhlutun. Fylgst var með þremur málörvunarstundum og voru matsaðilar ánægðar með frammistöðu kennaranna.
17. Október	Tveir elstu árgangar skólans fóru í Óðal á sýningu á vegum sinfóníunnar
20. Október	2 börn byrjuðu í aðlögun á Skessuhorni
21. Október	Leikskólinn Sólborg á Ísafirði kom í heimsókn og kynnti sér starfið í Uglukletti
24. Október	Kvennaverkfall, Ugluklettur lokaður allan daginn vegna verkfalls kvenna.
27. Október	Hjúkrunarfræðingur af heilsugæslunni bauð starfsfólki upp á bólusetningu.
17. Nóvember	Foreldrafélagið bauð börnum og foreldrum upp á jógatíma með Erlu klukkan 16.30.
18. Nóvember	Farsældardagur Vesturlands. Kristín, Elín og Ágústa fóru fyrir hönd Uglukletts
19. Nóvember	Slökkviliðsstjóri heimsótti Fálkana. Leikskólastjóri frá Patreksfirði kom í heimsókn með tvo gesti frá Danmörku.
4. Desember	bakstursdagur. Gerðum rúsínukökur og stungum út piparköku
11. Desember	Jóladagur í Uglukletti. Jólaball um morguninn tveir jólasveinar komu í heimsókn, jólamatur í hádeginu og smákökur í kaffitímanum
16. Desember	Kósýdagur, handa- og fótanudd, slökun og jóga í salnum, fótabað og almenn kósýheit.
18. Desember	Jólakaffihús, öll inni á sinni deild, kakó, vöfflur og smákökur
22. Desember	2. janúar Skráningardagar í fyrsta sinn
5. janúar	skipulagsdagur, undirbúningar vorannar
8. janúar	fundur fyrir foreldra Fálkanna, haldinn í grunnskólanum og sameiginlegur fyrir okkur og Klettaborg.
20. Janúar	Vasaljósadagur, notuðum þau mest úti.
23. Janúar	Strákakaffi, hafragrautur, slátur og kleinur í boði Geirabakarís
3. febrúar	Þorrablót í Uglukletti
12. Febrúar	Deildarstjórarnir fóru í heimsókn á Rauðhól og Aðalþing. Heimsóknin var liður í þróunarverkefninu Stillu
20. Febrúar	Stelpukaffi, bollur og kleinur frá Geirabakarí
23. Febrúar	skipulagsdagur, snemmtæk íhlutun fræðsla á hótel Hamri, allur dagurinn
2. mars	starfsmaður í staðlotu á Akureyri heimsótti leikskólann Iðavelli, heimsóknin var liður í þróunarverkefninu Stillu.
9. mars	Litavikur byrjuðu
10. Mars	fengum leiksýningu í boði foreldrafélagsins
17. Mars	Leikskólinn Álfasteinn kom í heimsókn og kynnti sér starfið í Uglukletti.
17. Mars	starfsmannafundur, skyndihjálparnámskeið

19. Mars	Lestu fyrir mig dagurinn, Kríur fóru á bókasafnið og buðu félögum sínum úr Klettaborg í pylsur í UMSB húsinu
19. Mars	Rannsakendur komu og kynntu sér nýtingu barnabóka hér í Uglukletti.
20. Mars	Regnbogadagur, litavikur klárast
30. Mars	Fyrsti dagur tilraunar með matsal í Uglukletti
30. Mars	Foreldrafélagið með páskaeggjaleit í Skallagrímsgarði
15. Apríl	Starfsmannafundur, 3 tíma fyrirlestur um tengslamyndun barna.
20. Apríl	Það kom maurabú í vikulanga heimsókn til okkar.
24. Apríl	Leikskólinn Ævintýraborg Eggertsgötu kom í heimsókn
5. maí	Útskrift Fálkanna, haldin í Hjálmakletti klukkan 15.
7. maí	Hæglætis ráðstefna, auka skipulagsdagur vegna Hæglætis ráðstefnu. Dröfn og Lukka voru með fyrirlestur fyrir hönd Uglukletts. Lokin á Stillu verkefninu
12. Maí	2 stjórnendur leikskóla Stokkseyri/Eyrarbakki í heimsókn að kynna sér starfið í Uglukletti
12. Maí	starfsmannafundur, unnum að endurmati eftir veturinn.
15. Maí	Leikskólinn Laugasól kom í heimsókn og kynnti sér starfið í Uglukletti.
21. Maí	Fálkar fóru í útskriftarferð í Vatnaskóg ásamt öðrum börnum í sama árgang í hinum leikskólum Borgarbyggðar
4. júní	Hjóladagar byrjuðu. Hvort teymi fékk tvo hjóladaga, sem haldnir voru á miðvikudögum
4. júní	Uppskeruhátíð leikskólanna í Borgarbyggð eftir verkefnið Snemmtæk íhlutun varðandi mál og læsi.
23. Júní	3 elstu árgangar leikskólans fóru í Egilsgöngu
24. Júní	Lögreglan heimsótti eldra teymið á hjóladegi.
1. júlí	Lögreglan heimsótti yngra teymið á hjóladegi.
3. júlí	Nýr sveitarstjóri Borgarbyggðar koma í heimsókn ásamt fræðslustjóra að kynna sér starfið í Uglukletti

10 Leikskóladagatal

Má finna á heimasíðu Uglukletts: https://ugluklettur.leikskolinn.is/Skolastarfid/Skoladagatal

11 Lokaorð

Starfið í Uglukletti hefur á undanförnum árum mótast af markvissri þróunarvinnu þar sem leitast hefur verið við að skapa umhverfi sem einkennist af hæglæti, virðingu, fagmennsku og vellíðan. Niðurstöður þessa árs sýna að sú vegferð hefur skilað árangri og mun áfram verða leiðarljós í starfi leikskólans.

Fram undan eru spennandi verkefni. Með áframhaldandi áherslu á faglegt samtal, samvinnu, snemmtæka íhlutun, málörvun og sterka sjálfsmynd barna munum við halda áfram að þróa skólastarfið með hagsmuni og vellíðan barna að leiðarljósi. Í Uglukletti höfum við eftir fremsta megni búið okkur til gagnagrunn um starfið okkar þar sem við höfum endurmetið starfið okkar. Hefur það kennt okkur að markviss og skipulögð skráning á skólastarfi leiðir af sér meiri fagmennsku og trú á eigin getu í starfi. Í endurmati síðustu ára hefur MEIRA SAMSTARF verið rauði þráðurinn í öllu því endurmati sem við gerum. Það verður því okkar leiðarljós inn í næsta

skólaár.

Kristín Gísladóttir Leikskólastjóri Uglukletts